

Sameiningar hreinna dreifbýlissveitarfélaga og þjónusta

BJARKI ÞÓR GRÖNFELDT, lektor Háskólinn á Bifröst

VÍFILL KARLSSON, prófessor Háskólinn á Bifröst

ÚTDRÁTTUR: Kannað var hvort munur væri á ánægju íbúa hreinna dreifbýlissveitarfélaga annars vegar og íbúa í dreifbýli blandaðra sveitarfélaga hins vegar með þjónustu sveitarfélagsins. Blandað sveitarfélag er sveitarfélag þar sem búsetu er að finna bæði í dreifbýli og þéttbýli. Fræðilega séð á fjölmennara sveitarfélag að geta veitt betri þjónustu, en íbúar í dreifbýli hafa gjarnan áhyggjur af því að byggðalagið verði jaðarsett innan sameinaðs sveitarfélags. Því er mikilvægt að skoða hvort dreifbýlissamfélög njóti þess að vera hluti af hagstæðari heild eða verði enn afskiptari út frá ýmsum kenningum kjarna og jaðars varðandi úthlutun gæða. Gögn úr íbúakönnunum landshlutanna 2016, 2017 og 2020 voru greind með aðhvarfsgreiningu. Íbúar í dreifbýli blandaðra sveitarfélaga og íbúar hreinna dreifbýlissveitarfélaga höfðu svipað viðhorf til sveitarfélags síns almennt, en meiri dreifni í svörum íbúa hreinna dreifbýlissveitarfélaga gefur til kynna að afstaða þeirra sé ólíkari innbyrðis. Þegar skoðaðir voru einstaka þættir í þjónustu sveitarfélagsins blasti við skýrt mynstur: Íbúar hreinna dreifbýlissveitarfélaga voru marktækt óánægðari með skipulagsmál, félagsþjónustu, tækifæri til íþrótt- og tómstundaiðkunar og gæði unglingsstarfs. Íbúar hreinna dreifbýlissveitarfélaga voru almennt ánægðari með þjónustu síns sveitarfélags ef þau ráku ekki eigin skóla en þau dreifbýlissveitarfélög sem það gerðu voru með marktækt óánægðari íbúa gagnvart ýmissi annari þjónustu. Mikilvægt er að niðurstöður rannsókna verði kynntar íbúum hreinna dreifbýlissveitarfélaga.

LYKILORÐ: Sameiningar sveitarfélaga – Þjónusta sveitarfélaga – Dreifbýli – Þéttbýli – Neytendur

ABSTRACT: This study investigates differences in satisfaction between residents of purely rural and mixed municipalities. A mixed municipality comprises of both rural and urban residential areas. Theoretically, more populous municipalities provide better services, but many rural residents express concerns that their area might become marginalised within an amalgamated municipality. Therefore, it is important to examine if ru-

ral communities benefit from amalgamation or become more deprived in centre-periphery comparisons. Regression analyses were performed on data from surveys conducted in 2016, 2017, and 2020. Findings revealed that rural residents of mixed municipalities and residents of purely rural municipalities reported similar satisfaction. However, greater variance in the responses of residents in purely rural municipalities indicated more internal variability. When specific aspects of municipal services were examined, a clear pattern emerged: Residents of purely rural municipalities were significantly less satisfied with planning, social services, opportunities for sports and leisure, and the quality of youth services. Residents of purely rural municipalities were generally more satisfied with their municipal services if they did not operate their own schools, while rural municipalities that did, showed greater dissatisfaction among residents with various other municipal services. It is important that these results are presented to residents of purely rural municipalities.

KEYWORDS: Municipal amalgamations – Municipal services – Rural areas – Urban areas – Consumers

Inngangur

Sameiningar sveitarfélaga hafa mikið verið ræddar og rannsakaðar hérlendis sem erlendis. Fræðilega séð ætti að vera stærðarhagkvæmni í rekstri sveitarfélaga eins og gildir um rekstur almennt þar sem um er að ræða t.d. sérhæfingu og leggja þarf í miklar fjárfestingar (Boyes og Melvin, 1999) og í tilfalli hins opinbera, t.d. slökkvilið og bókasöfn (Rosen og Gayer, 2008). Það ætti að fela í sér lægri kostnað við veitingu þjónustunnar og samkvæmt Palander (1935) ætti því að vera hægt að veita hana víðar og dreifðar eða betri þjónustu til sama landsvæðis. Ísland er hins vegar stórt og dreifbýlt land og hafa ólík sjónarmið verið uppi um sameiningar fámennustu sveitarfélaganna í dreifbýli við stærri sveitarfélög sem búa yfir þéttbýliskjarna. Í stuttu máli má segja að áhyggjur og efasemdir margra snúist um að dreifbýlið verði út undan í sameinuðum sveitarfélögum (Grétar Þór Eypórssón, 2012). Dæmi má taka af nokkrum kosningum um sameiningu sveitarfélaga þar sem tillagan fellur á atkvæðum dreifbýlisins; eins og nýafstaðin kosning Snæfellsbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps (sjá Sameining felld á Snæfellsnesi, 2022), nokkrar kosningar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps, auk kosninga um sameiningu Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar. Er það svo að íbúar svo fámennra sveitarfélaga fari illa út úr sameiningum við þau fjölmennari? Hér er ætlunin að reyna að leggja mat á þetta álitamál með því að svara rannsóknarspurningunni: Eru íbúar hreinna dreifbýlissveitarfélaga ánægðari með sveitarfélagið sitt og veigamikla þjónustu þess en íbúar dreifbýlis í blönduðum sveitarfélögum (sveitarfélög dreifbýlis- og þéttbýlissamfélaga)?

Nýleg rannsókn hérlendis sýndi fram á að sameiningar sveitarfélaga hafi skilað árangri (Vifill Karlsson og Grétar Þór Eypórssón, 2022). Þau áhrif mældust í öllum tilfellum en eingöngu tölfræðilega marktækt í tilfalli sameininga þriggja eða fleiri sveitarfélaga. Ekki var greint á milli hvort sameiningarnar skiluðu sér í betri þjónustu, lægri kostnaði eða sköttum. Hins vegar náði greiningin ekki til fámennustu sveitarfélaganna og var það tilefni rannsóknarinnar sem hér er gerð. Á Íslandi hefur efling sveitarstjórnarstigsins fyrst og fremst farið fram með flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga, svo það er mikilvægt að sveitarfélögin geti staðið undir þeirri auknu kröfu (Grétar Þór Eypórssón, 2012). Hér verður því gerð tilraun til að skoða hvort íbúar í dreifbýli sveitarfélaga með sterkan þjónustukjarna séu ánægðari eða óánægðari en íbúar í hreinum dreifbýlissveitarfélögum. Það ætti að gefa vísbendingu um það hvort hrein dreifbýlissamfélög komi betur út í sveitarfélagi þar sem þau ráða sjálf ríkjum í stað þess að deila stjórn samfélagsins með stóru þéttbýli. Niðurstöður rannsóknarinnar gætu gefið sterkar vísbendingar um það hvort sameining hreinna dreifbýlissveitar-

félaga við stærri sveitarfélög með þéttbýliskjarna sé þeim hagfelld og mikilvægt leiðarstef fyrir þau sem hugleiða sameiningar á næstunni.

Greinin er þannig uppbyggð að næst verður sagt frá fyrri rannsóknum á þessu sviði og þá verða gögnin og rannsóknaraðferð útskýrð. Að lokum verður sagt frá niðurstöðum greiningarinnar sem fylgt verður eftir með umræðum og niðurlagi.

Fyrri rannsóknir

Í inngangi var vísað til stærðarhagkvæmni og þess að ef hún væri til staðar í rekstri sveitarfélaga væri hægt að veita þjónustu víðar í kjölfar sameiningar eða bæta hana á sama landsvæði, einkum ef hún er einsleit (sú sama gagnvart íbúunum eins og opinber þjónusta á að vera). Þetta er mat McCann (2001) á líkönum sem upphaflega má rekja til Hotelling (1929) og Palander (1935) en jafnvel þó svo kenningin hverfist um fyrirtæki og vilja þeirra til að staðsetja sig og veita þjónustu landfræðilega má yfirfæra þetta á óhagnaðardrífinn þjónustuveitanda eins og sveitarfélag. Stærð stjórnsýslueininga og hagkvæmni þeirra er klassískt deiluefni, og má segja að forngríski heimspekingurinn Plató hafi verið fyrsti talsmaður sameininga sveitarfélaga, en að hans mati var hagkvæmasti mögulegi mannfjöldi borgríkis nákvæmlega 5.040 borgarar (auk kvenna, barna og þræla). Þann fjölda mat hann til þess fallinn að stuðla að skilvirkri stjórnsýslu, auk þess sem að honum þótti talan 5.040 áhugaverð frá stærðfræðilegu sjónarhorni (sem verður ekki rakið hér en sjá Jowlett, 1986). Aristóteles tók ekki í sama streng og lærifaðir hans og lagði frekar áherslu á að borgararnir þekktust sín á milli og skildu þarfir og langanir hvor annars, en það skipti ekki öllu máli hve margir þeir væru (Aristotle, 1992). Að mörgu leyti má segja að nú, meira en tvö þúsund árum síðar, séu deilur um stærð og gerð sveitarfélaga enn dregnar eftir þessum víglínum.

Það er hægara sagt en gert að meta árangur sameininga sveitarfélaga heildrænt, en ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar hérlendis á árangri eða árangursleysi sameininga sveitarfélaga. Rekstrar-kostnaður fjölmennari sveitarfélaga á Íslandi er almennt lægri per íbúa en minni sveitarfélaga (Vífill Karlsson og Elías Árni Jónsson, 2011), en þó virðast sameiningar einar og sér ekki endilega leiða til mikils sparnaðar í rekstri (Vífill Karlsson, 2015). Fasteignaverð hækkar gjarnan í kjölfar sameininga (Vífill Karlsson og Grétar Þór Eyþórssson, 2022), sem túlka má sem vísbendingu um að þau séu þar af leiðandi eftirsóknarverðari búsetuvalkostur en fyrir sameiningu. Galli er þó á gjöf Njarðar. Íslensk rannsókn birt árið 2002 í kjölfar stórra sameininga á árunum 1994-1998 leiddi í ljós að íbúar á jaðarsvæðum í nýjum sveitarfélögum töldu halla á sitt svæði lýðræðislega í kjölfar sameiningar (Grétar Þór Eyþórssson og Hjalti Jóhannesson, 2002). Vald hefði samþjappast um of í þjónustu- og stjórnsýslukjörnum. Var þetta helst skoðun íbúa í stærri jaðarbyggðum (t.d. þorpum) sem voru fjarlæg hinni nýju miðju. Hins vegar sýndi sama rannsókn (og fleiri, nýlegri rannsóknir, t.d. Vífill Karlsson og Grétar Þór Eyþórssson, 2022) að mælingar á þjónustustigi íbúa hefðu batnað, þó skynjun íbúa á gæðum þjónustunnar hefði ekki endurspeglad þá þróun. Þá er vert að nefna skoðanakönnun sem gerð var árið 2013 á átta nýloknum sameiningum (Vífill Karlsson og Torfi Jóhannesson, 2014; Grétar Þór Eyþórssson og Vífill Karlsson, 2018). Þar kom fram að íbúar og sveitarstjórnarmenn á jaðri sameinaðs sveitarfélags væru nánast alltaf óánægðari með þjónustu síns sveitarfélags en þeir sem byggju nær þjónustukjarnanum. Það var hins vegar aldrei dregið fram hvort þeir væru ánægðari eftir sameininguna en fyrir hana. Lausleg rýni benti til að svo hefði verið og það í mörgum mjög mikilvægum þjónustuliðum og útgjaldafrekum – einkum þeirra er tengjast þjónustu við börn. Hér má einnig nefna rannsókn þeirra Karls Benediktssonar og Hjalta Nielsen (2008) þar sem þeir reyndu að meta áhrif búferlaflutninga á ýmsa þjónustu í byggðarlögum sem tapað höfðu íbúum og þar kom m.a. fram að þjónustustig væri mjög háð íbúafjölda.

Í nýbirtri rannsókn (Vífill Karlsson, 2023) þar sem Dalabyggð var borin saman við sambærilegt sveitarfélag, Húnaþing vestra, auk fjögurra sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu, kom í ljós að íbúar í dreifbýli Húnaþings vestra eru óánægðari með sitt sveitarfélag en þeir sem búa í þéttbýli þess

en þeir eru marktækt ánægðari en íbúar í dreifbýli samanburðarlandsvæðanna tveggja; Dalabyggðar og fjögurra sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu. Að auki voru íbúar í dreifbýli Húnaþings vestra marktækt ánægðari með sitt sveitarfélag en íbúar í dreifbýli á landinu öllu. Það verður að teljast athyglisverð vísbending um það að íbúar í dreifbýlissamfélagi geti haft það betra eftir sameiningu við sveitarfélag sem hefur sterkt þéttbýli. Húnaþing vestra gekk í gegnum stóra sameiningu 1998 og aðra minni 2016. Sameiningin var samfélaginu erfið í upphafi, t.d. þar sem skóli í dreifbýlinu var lagður niður. Í rýnihópnum rannsóknarinnar kom fram að íbúar töldu sameininguna nú vera eitt af gæfusporum Vestur-Húnavatnssýslu.

Nokkur samhljómur er milli íslenskra og erlendra rannsókna. Stór samevrópsk rannsókn leiddi í ljós að helstu markmiðin með sameiningu sveitarfélaga í Evrópu væru stærðarhagkvæmni, skilvirkni, aukin gæði og magn þjónustu (Steiner o.fl., 2016). Þessi rök fyrir samþjöppun (e. *consolidationist argument*) ganga út á að að stærri stjórnsýslueiningar leiði af sér lægri kostnað per íbúa sem aftur á að auka mátt sveitarfélagsins til að veita öllum íbúum betri þjónustu (Baldersheim og Rose, 2010). Rannsóknir benda til þess að þó þetta markmið náist sé einnig hættu á afturför á öðrum sviðum. Til dæmis voru helstu niðurstöður stórrar erlendra safnrannsóknar (Tavares, 2018) að aukin skilvirkni sveitarfélaga náist fram á kostnað virks lýðræðis innan þeirra. Rannsóknin sýndi fram á að sameiningar skili sér alla jafna í aukinni skilvirkni, þ.e. lægri stjórnsýslukostnaði og bættri þjónustu að einhverju marki, en jafnframt veikara staðbundnu lýðræði, einkum vegna minnkaðrar kosningaþátttöku í stærri sveitarfélögum. Þó er áhugavert að velta fyrir sér þeirri staðreynd að seta í sveitarstjórn og nefndum í minni sveitarfélögum á Íslandi er oft í harðri samkeppni um frítíma fólks. Sameining sveitarfélaga og mikil fækkun sveitarstjórnarmanna samhliða henni í Húnaþingi vestra er talin vera ein ástæða þess að nú blómstrar ýmis konar félagslíf á svæðinu, t.d. kórar, leikfélög o.s.frv. (Vífill Karlsson, 2023). Við sameiningu losnaði um mikinn mannaúð sem gat sinnt öðrum mikilvægum verkefnum í samfélaginu sem lyfta upp byggðabragnum.

Sem fyrr segir er fjárhagslegt hagræði gjarnan markmið með sameiningum. Ein aðferð til að ná því markmiði, sem ekki hefur verið með beinum hætti reynd á Íslandi, eru þvingaðar sameiningar. Sameiningar hafa aldrei verið þvingaðar eða lögboðnar á Íslandi. Segja má að þær hafi allar verið sjálfsprottar þó svo að ýmsir ráðamenn hafi hvatt til þeirra og að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hafi boðið upp á hvata í formi styrkja við sameiningu. Jöfnunarsjóður hefur þó í eðli sínu oft virkað sem hemill á sameiningar því sjóðurinn styður fjárhagslega meira við bakið á fámennum og fjárvana sveitarfélögum en þeim fjársterkari og fjölmennari. En þrátt fyrir þetta hefur sveitarfélögum fækkað hægt og bitandi úr 229 árið 1952 þegar þau voru flest (Vífill Karlsson, 2023) í 64 eftir síðustu sameiningar sem urðu 14. maí 2022.

Rannsóknnum ber ekki saman um hvort lögþvingaðar sameiningar skili tilætluðum árangri. Stór þýsk rannsókn sýndi fram á mun meiri sparnað í rekstri sveitarfélaga sem höfðu gengið í gegnum þvingaða sameiningu en sveitarfélaga sem höfðu sjálfviljug efnt til sameiningar (Blesse og Baskaran, 2013). Lögþvingaðar sameiningar sveitarfélaga í New South Wales í Ástralíu, þar sem markmiðið var að sveitarfélög yrðu færri, fjölmennari og hagkvæmari einingar, virðast hafa haft þveröfugar afleiðingar (Drew o.fl., 2022). Útgjöld nýrra, lögþvingaðra sameinaðra sveitarfélaga þar í landi stórkjóst á stuttum tíma sem hefur leitt til talsverðs fjárhagsvanda margra þeirra og eru áköll uppi um að sameiningarnar verði dregnar til baka. Í takti við þetta var það niðurstaða sænskrar rannsóknar (Hinnerich, 2009) að tilhneigingar gæti hjá sveitarfélögum til að auka útgjöld í aðdraganda þvingaðra sameininga, sem verði að skuldabagga sem hið nýja sveitarfélag erfir. Í japanskri rannsókn (Nakazawa og Miyashita, 2013) kom fram að stjórnvöld í nýsameinuðum sveitarfélögum færu oftast þá leið að dreifa starfsemi stjórnsýslunnar jafnt milli svæðanna sem mynduðu gömlu sveitarfélögin, sem leiddi til dýrari stjórnsýslu þegar upp var staðið. Hollensk rannsókn (Allers og Geertsema, 2016) komst að svipaðri niðurstöðu um að enginn sparnaður næðist með sameiningu sveitarfélaga þar í landi, utan nokkurrar hagræðingar í stjórnsýslukostnaði. Sparnaðurinn var þó óverulegur

og nægði ekki til að ná fram marktækum áhrifum á heildarútgjöld sveitarfélagsins. Upphæð útsvars og þjónusta sveitarfélagsins breyttist ekki við sameiningu.

Rannsóknir á sameiningum sveitarfélaga í Ástralíu (Drew og Dollery, 2014) – sem á það sameiginlegt með Íslandi að vera landfræðilega stórt en dreifbýlt land – benda til þess að aukinn mannfjöldi eigi einn og sér ekki að vera hvati að sameiningu sveitarfélaga. Raunar sé fylgnin á milli fjölda skráðra fasteigna og þjónustustigs sterkari en fylgnin á milli mannfjölda og þjónustustigs. Það kemur á óvart en gæti tengst því að tölur yfir skráða íbúa séu ekki góðar og fasteignir endurspegli betur þjónustugetu sveitarfélaga. Önnur áströlsk rannsókn (Drew o.fl., 2012) benti til þess að það hagræði sem fjölmennari sveitarfélög í Ástralíu njóta umfram fámennari sveitarfélög skýrist fyrst og fremst af afleiddum áhrifum af meiri þéttleika byggðar (e. *population density*). Með öðrum orðum þá skapast hagræði af fleiri íbúum per ferkílómeter, frekar heldur en að stjórnsýslueiningin sem slík hafi fleiri íbúa. Aukinn þéttleiki byggðar er sjaldnast sérstakt markmið sameininga og er oft ekki viðeigandi þegar um er að ræða fámenn en landmikil sveitarfélög á Íslandi.

Það er þó ekki þar með sagt að hagræði í sameinuðum sveitarfélögum sé alltaf tálsýn. Staðbundnir og félagslegir þættir virðast hafa áhrif á hversu vel markmið sameininga nást. Rannsóknir sýna að sveitarfélögum sem eru einsleitari (e. *community homogeneity*) við sameiningu farnist betur (Garlatti o.fl., 2022). Í rannsókn á sameiningu sveitarfélaga í Bandaríkjunum og Taílandi (Lowatcharin o.fl., 2021) kom fram að sveitarfélögum, þar sem íbúar höfðu sambærilega tengingu (e. *attachment*) og sjálfsmynd (e. *identity*) við sitt nærumhverfi, gekk mun betur að ná fram tilætluðum markmiðum. Þetta kölluðu höfundarnir „kunnugleikaáhrif“ (e. *familiarity effect*): Sveitarfélög eru því líklegri til að samþykkja sameiningu við annað sveitarfélag þar sem einhvers konar sameiginleg sjálfsmynd er þegar til staðar. Sameining slíkra sveitarfélaga virtist skila sparnaði, aukinni skilvirkni í stjórnsýslunni og bættri þjónustu við íbúa. Sameining við þær aðstæður skilar mögulega betri árangri vegna þess að auðveldara er að innleiða breytingar í samfélögum sem eru áþekkt hvað varðar atvinnulíf og samfélagsgerð, eiga sögu um samstarf og samgangur hafi verið meðal íbúa í gegnum tíðina (Lowatcharin o.fl., 2021). Er áhugavert að velta fyrir sér misjöfnum árangri af sameiningum á Íslandi, t.d. gjörólíkri útkomu Dalabyggðar og Húnaþings vestra, út frá þessu sjónarhorni (Vífill Karlsson, 2023). Það er til mikils að vinna að huga að félagslegum og jafnvel sálfræðilegum þáttum við sameiningar, en svissnesk rannsókn (Silberstein og Soguel, 2012) komst að þeirri niðurstöðu að samsömun borgaranna með sveitarfélaginu (e. *citizen identification*) minnkaði eftir sameiningu. Sú hætta ætti að valda mönnum áhyggjum þar sem slík samsömun er einn sterkasti forspárþáttur lýðræðislegrar og samfélagslegrar þátttöku (Richey, 2011).

Sem fyrr segir er viðfangsefni þessarar greinar að bera saman ánægju íbúa í dreifbýli sveitarfélaga með sterkan þjónustukjarna annarsvegar og hins vegar hreinum dreifbýlissveitarfélögum. Höfundar þessarar greinar vita ekki til þess að sambærileg rannsókn hafi verið framkvæmd héraðs eða erlendis. Á Íslandi eru nú þó nokkuð mörg sameinuð sveitarfélög þar sem dreifbýlissveitarfélög hafa sameinast stærri bæ eða þjónustukjarna (t.d. Borgarbyggð, Húnaþing vestra, Vesturbyggð o.fl.). Er því til nokkurs að vinna fyrir fræðasamfélagið og hagaðila, íbúa, ríki og sveitarfélög að rannsaka hvernig slíkar sameiningar skila sér í þjónustu við íbúa í dreifbýlinu samanborið við íbúa í sambærilegu dreifbýli í sjálfstæðu sveitarfélagi.

Gögn og aðferðir

Gögn rannsóknarinnar fengust í íbúakönnunum landshlutanna sem framkvæmdar voru 2016, 2017 og 2020. Kannanirnar voru lagðar fyrir með sama hætti þessi árin. Byggðastofnun og öll landshlutasamtök, nema Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, stóðu fyrir framkvæmd hennar árið 2020 en bara fimm landshlutasamtök stóðu að könnuninni 2016 og 2017. Byggt var á tilviljunarkenndu úrtaki úr Þjóðskrá nema á höfuðborgarsvæðinu þar sem þátttakendum var safnað með snjóboltaaðferðinni. Einnig var flestum innflytjendum safnað með snjóboltaaðferðinni. Haft var samband við

fólk í úrtakinu og því boðið að taka þátt í skoðanakönnun á vegum fyrrgreindra aðila þar sem spurt yrði um búsetuskilyrði í þeirra sveitarfélagi, stöðu þátttakenda á vinnumarkaði, búsetuáform og annað tengt velferð íbúanna. Síðan var þeim sendur tölvupóstur með hlekk inn á könnunina sem var rafræn. Þeir sem vildu ekki svara könnuninni rafrænt fengu hana senda í pósti og gátu svarað henni skriflega. Könnunin var á þremur tungumálum: Pólsku, ensku og íslensku.

Þátttaka árið 2020 var misjöfn eftir landshlutum eða frá 810 á Norðurlandi vestra til 1619 á Suðurlandi. Sem hlutfall af þýði var það hæst 17,6% á Vestfjörðum en lægst 0,7% á höfuðborgarsvæðinu. Fyrri könnunin sem framkvæmd var árin 2016 og 2017 var eingöngu gerð í fimm landshlutum en lægst var þátttakan sem hlutfall af þýði 6,1% á Suðurnesjum en mest 20,4% á Vestfjörðum.

Tafla 1. Þátttakendur, úrtak og svarhlutfall

Landshluti	Árið 2020			Árið 2016 og 2017		
	Þátttakendur	Úrtak	Svarhlutfall	Þátttakendur	Úrtak	Svarhlutfall
Höfuðborgarsvæðið	1.273					
Suðurnes	1.190	4.913	24,2%	1.013	4.790	21,1%
Vesturland	1.641	4.413	37,2%	1.197	4.376	27,4%
Vestfirðir	979	3.446	28,4%	1.081	3.426	31,6%
Norðurland vestra	810	3.272	24,8%	921	3.255	28,3%
Norðurland eystra	1.674	4.280	39,1%			
Austurland	916	4.652	19,7%			
Suðurland	1.619	5.325	30,4%	1.750	5.258	33,3%
Óstaðsett	568			183		
Samtals	10.670	30.301	29,1%	6.145	21.105	29,1%

Þessi rannsókn styðst aðallega við upplýsingar um bakgrunn þátttakenda eins og aldur, hvort það séu börn á heimilinu, hvort menn búi einir, menntu n, uppruni og hvort gögnin séu úr könnuninni 2020 eða fyrr. Einu tölurnar sem komu annars staðar frá voru tölurnar yfir fjölda íbúa í viðkomandi sveitarfélagi en þær tölur voru frá Hagstofu Íslands. Fyrirmyndir að vali á skýribreytum voru ekki margar en í rannsókn Karls Benediktssonar og Hjalta Nielsen (2008) var íbúafjöldi eina skýribreytan gagnvart ýmiskonar þjónustu þegar þeir veltu fyrir sé áhrifum búferlaflutninga á hana. Hér þótti mikilvægt að bæta inn lýðfræðilegum breytum þar sem þjónusta sveitarfélaga beinist oft að ákveðnum hópum eins og börnum.

Tafla 2. Lýsandi tölfræði óháðu breytanna

Óháðar breytur	Lýsing	Fjöldi	Meðalt.	Staðalfrv.
Aldur	Náttúrulegur lógaritmi af lífaldri þátttakanda	2743	3,878	0,331
Árið 2020	Leppbreyta um hvort svörin koma úr könnun frá 2016 og 2017 eða 2020, 1 ef 2020 annars 0.	2863	0,564	0,496
BSES	Leppbreyta um hvort þátttakandi býr í blönduðu sveitarfélagi sem ekki rekur sinn eigin skóla, 1 ef svo er.	2820	0,002	0,042
BSST	Leppbreyta um hvort þátttakandi býr í blönduðu sveitarfélagi sem hefur sértekjur, 1 ef svo er.	2820	0,069	0,254
Býr einn/ein/eitt	Leppbreyta um hvort þátttakandi býr einn, 1 ef býr einn.	2836	0,130	0,336
Börn á heimili	Leppbreyta um hvort það séu börn á heimili þátttakanda, 1 ef svo er.	2849	0,431	0,495
DSES	Leppbreyta um hvort þátttakandi býr í hreinu dreifbýlissveitarfélagi sem ekki rekur sína eigin skóla, 1 ef svo er.	2820	0,027	0,162
DSST	Leppbreyta um hvort þátttakandi býr í hreinu dreifbýlissveitarfélagi sem hefur sértekjur (sjá nánari umfjöllun um þau í meginmáli), 1 ef svo er.	2820	0,043	0,203
DSSTES	Leppbreyta um hvort þátttakandi býr í hreinu dreifbýlissveitarfélagi sem ekki rekur sinn eigin skóla og hefur sértekjur, 1 ef svo er.	2820	0,023	0,149
Hrein sveit án skóla	Leppbreyta um hvort þátttakandi býr í hreinu dreifbýlissveitarfélagi, 1 ef svo er.	2820	0,120	0,325
Íbúar	Náttúrulegur lógaritmi af fjölda íbúa í sveitarfélagi sem þátttakandi býr í.	2820	7,044	1,037
Kyn	Leppbreyta um hvort þátttakandi er karl eða kona, 1 ef karl.	2743	0,439	0,496
Menntunarstig	Raðtölubreyta fyrir menntunarstig þátttakanda: 1 ef grunnskólapróf er lengsta skólaganga þátttakanda, 2 ef próf af styttri námsbrautum framhaldsskóla, 3 ef próf í iðngrein, 4 ef stúdentspróf, 5 ef grunnnám í háskóla (BA, BS eða sambærilegt), 6 ef framhaldsnám í háskóla (MS, MA, PhD).	2862	3,000	1,845
Uppruni	Leppbreyta um uppruna þátttakanda, 1 ef uppruni þátttakanda er ekki Ísland. Hér var ekki Ísland ef þátttakandi hafði erlent ríkisfang eða kaus að svara könnuninni ekki á Íslensku.	2814	0,075	0,264

DS = Dreifbýlissveitarfélag, BS = Blandað sveitarfélag, ES = Ekki skóli, SE = Sértekjur. Meðaltal og staðalfrávik eru náttúrulegur lógaritmi af raunverulegum gildum meðalaldurs og fjölda íbúa. Meðalaldur þátttakanda er því 48,33 ár og meðalíbúafjöldi 1146. Athugið að meðaltal tvígildra breyta má lesa sem hlutfallstölu, t.d. er meðaltal „býr einn/ein/eitt“ 0,130 sem þýðir að 13,0% svarenda bjuggu einir.

Tafla 3. Lýsandi tölfræði háðu breytanna

Háðar breytur	Lýsing	Fjöldi	Meðalt.	Staðalfrv.
Aldraðir	Þjónusta við aldraða; staðan í þínu sveitarfélagi. Mjög slæm = 1 og mjög góð = 5.	2339	3,433	0,965
Ásýnd	Ásýnd bæja og sveita ásamt almennri umgengni; staðan í þínu sveitarfélagi. Mjög slæm = 1 og mjög góð = 5.	1378	3,790	0,865
Dvalarheimili	Dvalarheimili aldraða; staðan í þínu sveitarfélagi. Mjög slæm = 1 og mjög góð = 5.	2301	3,531	1,116
Fatlaðir	Þjónusta við fatlaða; staðan í þínu sveitarfélagi. Mjög slæm = 1 og mjög góð = 5.	2184	3,139	0,942
Fjárhagsvandi	Aðstoð við fólk í fjárhagsvanda; staðan í þínu sveitarfélagi. Mjög slæm = 1 og mjög góð = 5.	2028	2,908	0,792
Grunnskóli	Gæði grunnskóla; staðan í þínu sveitarfélagi. Mjög slæm = 1 og mjög góð = 5.	2293	3,827	0,946
Innflytjendur	Þjónusta við fólk af erlendum uppruna; staðan í þínu sveitarfélagi. Mjög slæm = 1 og mjög góð = 5.	2127	3,185	0,813
Íþróttir	Tækifæri til íþróttatómstundaiðkunar; staðan í þínu sveitarfélagi. Mjög slæm = 1 og mjög góð = 5.	2418	3,443	1,039
Leikskóli	Gæði leikskóla; staðan í þínu sveitarfélagi. Mjög slæm = 1 og mjög góð = 5.	2275	3,847	0,910
Skipulagsmál	Skipulagsmál; staðan í þínu sveitarfélagi. Mjög slæm = 1 og mjög góð = 5.	2339	2,979	0,993
Sorpmál	Sorpmál; staðan í þínu sveitarfélagi. Mjög slæm = 1 og mjög góð = 5.	1358	3,406	1,148
Tónlistarskóli	Tónlistarskóli; staðan í þínu sveitarfélagi. Mjög slæm = 1 og mjög góð = 5.	2311	3,768	0,985
Unglingastarf	Gæði unglíngastarfs; staðan í þínu sveitarfélagi. Mjög slæm = 1 og mjög góð = 5.	2214	3,248	0,917
Viðhorf	Á heildina litið, hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til sveitarfélagsins sem þú býrð. Að öllu leyti neikvætt = 1, að öllu leyti jákvætt = 7.	2477	5,030	1,212

Síðan voru svör þátttakenda við eftirfarandi spurningu greind: „Á heildina litið, hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til sveitarfélagsins sem þú býrð?“ Svar við þessari spurningu gat verið á bilinu 1 (að öllu leyti neikvætt til 7 (að öllu leyti jákvætt)). Í tölfræðilegri úrvinnslu var stuðst við tölugildin að framan. Þetta var mikilvægasta háða breyta rannsóknarinnar. Síðan komu nokkrar aðrar og hverfðust þær um miklu afmarkaðri þjónustu sveitarfélagsins. Þær byggðu á eftirfarandi spurningu: „Hvert er álit þitt á stöðu eftirfarandi þátta/málaflokka í þínu sveitarfélagi?“. Svör voru á bilinu 1 (mjög slæmt) til 5 (mjög gott). Þarna gátu þátttakendur gefið 40 þáttum einkunn en í þessari rannsókn nýttust einkunnir 13 þeirra þátta sem tengjast þjónustu sveitarfélagsins helst: Skipulagsmál, ásýnd, sorpmál, þjónusta við aldraða, dvalarheimili, þjónusta við fatlaða, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda, þjónusta við innflytjendur, grunnskóli, leikskóli, tónlistarskóli, möguleikar til íþróttatómstundaiðkunar, unglíngastarf.

Til þess að draga fram áhugaverðasta hóp þessarar rannsóknar var svar við viðkomandi spurningu nýtt: „Býrðu í bæ eða sveit?“ Þarna gátu menn svarað „bæ, þorpi eða öðru þéttbýli“ eða „sveit eða dreifbýli“. Þeir sem merktu við seinni kostinn eru með í rannsókninni hér. Á þessu sést að eingöngu íbúar í dreifbýli eru með í þessari rannsókn. Þarna var þó mikilvægur munur. Sumir bjuggu í blönduðum sveitarfélögum en aðrir bjuggu í hreinum dreifbýlissveitarfélögum. Til hreinna dreifbýlissveitarfélaga töldust eftirfarandi sveitarfélög í þessari rannsókn:

- Akrahreppur
- Árneshreppur
- Ásahreppur
- Eyja- og Miklaholtshreppur
- Fljótsdalshreppur
- Flóahreppur
- Helgafellssveit
- Húnavatnshreppur
- Kjósarhreppur
- Skagabyggð
- Skorradalshreppur
- Tjörneshreppur

Í lok greinarinnar verður horft til sértekjusveitarfélaga annars vegar og þeirra sveitarfélaga sem keyptu skólaþjónustu af öðrum sveitarfélögum hins vegar. Það verður útskýrt betur seinna. Útbúnað voru sérstakar breytur til þess (BSES, BSST, DSES, DSST og DSSTES, sjá töflu 2). Sértekjusveitarfélög eru þau kölluð sem ætla má að hafi óvenju háar tekjur (hlutfallslega), t.d. af stórum eignum eins og virkjunum, stórum verksmiðjum eða mörgum sumarhúsum. Þessi tvö einkenni gætu gefið slíkum sveitarfélögum annað svigrúm til þjónustu eins og seinna verður rakið.

Tölfræðilegt yfirlit og nánari skilgreiningar er að finna í töflunum hér á undan og skilið er á milli háðra breyta (Tafla 2) og óháðra breyta (Tafla 3). Ýmislegt áhugavert er að finna þar eins og t.d. að um 12% safnsins telst til hreinna dreifbýlissveitarfélaga eða um 300 þátttakendur (Tafla 2). Þar af eru um 5% þátttakenda sem teljast búa í hreinum dreifbýlissveitarfélögum sem reka ekki skóla og dreifbýlissveitarfélögum sem hafa sértekjur en eru ekki með skóla í rekstri (DSES og DSSTES í töflu 1). 4,3% þátttakenda býr síðan í hreinum dreifbýlissveitarfélögum sem reka sína eigin skóla og hafa sértekjur (DSST í töflu 1). Það má því segja að fyrri greiningin sé tölfræðilega sterkari með 300 svörum en seinni greiningin þar sem þessum 300 er skipt upp á milli þriggja leppbreyta (e. *dummy variable*) (DSES, DSST og DSSTES) og sé eingöngu gerð til að draga fram vísbendingar.

Takið eftir því að fjöldi athugana er misjafn og má útskýra á tvennan hátt. Þar sem munurinn er mestur (háðu breytunnar) skýrist af því að ekki var spurt um sorpmál og ásýnd árin 2016 og 2017. Þar sem munurinn er minni skýrist af því að þátttakendur voru ekki þvingaðir til að svara öllum spurningum.

Á staðalfráviki háðu breytanna kemur í ljós að þátttakendurnir eru mest ósammála um eftirtalda þætti, í þessari röð: Sorpmál, dvalarheimili, íþróttir og tómstundaiðkun og skipulagsmál. Þá verður reyndar að hafa í huga að sorpmálin voru bara með í könnuninni 2020. Mest voru þeir sammála um þjónustu við fólk í fjárhagsvanda, þjónustu við innflytjendur og ásýnd.

Tvennskonar stikalausum prófum var beitt, t-próf og Mann-Whitney próf. Í þeim var prófað hvort munur væri á afstöðu hópanna tveggja (annars vegar íbúa hreinna dreifbýlissveitarfélaga og hins vegar blandaðra sveitarfélaga) varðandi gæði tiltekinna þjónustuþátta sveitarfélagsins en einnig almennt viðhorf íbúanna til síns sveitarfélags.

Til frekari glöggvunar var ákveðið að nota raðkvarðalíkan (e. *ordered response model*) og þá var hægt að skoða hvort hóparnir væru mis ánægðir með sín sveitarfélög og þjónustu þeirra en um leið leiðrétt fyrir ýmsum mögulegum skýringum eins og það að afstaða íbúanna geti verið ólík, t.d. með rekstur leikskóla ef á heimilinu væru börn.

Formúla 1.
$$y_i^* = X_i' \beta + \varepsilon_i$$

Þess vegna var ákveðið að spyrja um aldur þátttakenda, félagslega stöðu fjölskyldu (býr eitt, börn á heimili), kyn og hvort viðkomandi væri innflytjandi. Ákveðið var að greina á milli skoðanakannana þar sem að árin 2016 og 2017 var hagkerfið í uppsveiflu en Covid-kreppan skollin á árið 2020. Þess utan var íbúafjöldi sveitarfélaganna tekinn með vegna þess að fjölmennari sveitarfélög eru almennt talin búa frekar við stærðarhagkvæmni en lítil og möguleikarnir því til að veita þjónustu almennt betri þar fyrir sömu upphæðir. X_i' er vektor allra óháðra breyta sem taldar eru upp hér að ofan (Tafla 2) en fjöldi líkana vísar til fjölda óháðra breyta sem voru taldar upp hér að framan (Tafla 3). Raðkvarðalíkan þetta varð fyrir valinu vegna þess að það er sérstaklega hannað fyrir skoðanakannana-gögn eins og þessi þar sem um er að ræða heiltölur og raðtölur.

Niðurstöður

Fyrst var framkvæmd greining á almennri spurningu: „*Á heildina litið, hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til sveitarfélagsins sem þú býrð?*“. Samkvæmt raðkvarðalíkaninu þá var afstaða íbúa hreinna dreifbýlissveitarfélaga ekki frábrugðin afstöðu íbúa blandaðra sveitarfélaga (Líkan 1, Tafla 4). Stikalaus prófin (Mann-Whitney og T-próf) stóðust ekki 5% marktæktarkröfu en stóðust 10% marktæktarkröfu. Þess utan, stóðst t-prófið ekki forsenduna um einsleita dreifni.

Tafla 4. Niðurstöður þátta er tengjast umhverfismálum og almennu viðhorfi gagnvart eigin sveitarfélagi

Skýribreytur	(Líkan 1) Almennt viðhorf til sveitarfélagsins	(Líkan 2) Skipulagsmál	(Líkan 3) Ásýnd	(Líkan 4) Sorpmál
Aldur	1,54 (3,26)***	1,11 (0,75)	0,61 (-2,49)**	1,97 (3,62)***
Börn á heimili	1,07 (0,72)	1,05 (0,58)	1,05 (0,42)	0,87 (-1,17)
Býr einn/ein/eitt	0,96 (-0,35)	0,82 (-1,52)	0,97 (-0,18)	0,74 (-1,71)*
Íbúar	0,78 (-5,47)***	0,73 (-6,61)***	0,90 (-1,73)*	0,84 (-3,04)**
Kyn (karl = 1)	1,02 (0,24)	1,03 (0,39)	0,89 (-1,03)	1,14 (1,26)
Menntunarstig	1,11 (4,54)***	1,04 (1,59)	1,03 (1,07)	1,03 (0,87)
Uppruni (erlendur =1)	0,92 (-0,52)	1,12 (0,65)	1,87 (2,88)**	1,82 (2,91)**
Árið 2020	1,20 (2,34)**	0,99 (-0,10)	n,a,	n,a,
Hrein sveit	0,91 (-0,65)	0,74 (-2,02)**	0,74 (-1,42)	1,16 (0,72)
Fjöldi athugana	2241	2117	1274	1255
LR próf, pchi2	73,02***	52,57***	29,53***	43,62***
Pseudo R ²	0.0106	0.0091	0.0096	0.012
T-próf ^{b)}	0,056 ^{a)}	0,618	0,282 ^{a)}	0,749
Mann-Whitney ^{b)}	0,095	0,528	0,206	0,817

Raðkvarðalíkani var beitt og gögnin eru frá 2016, 2017 og 2020. Stuðlarnir eru líkindahlutfall (e. *odds ratio*) og í sviga eru z-gildi. * stenst 10% marktæktarkröfu, ** stenst 5% marktæktarkröfu, *** stenst 1% marktæktarkröfu. Til hliðsjónar var Mann-Whitney og T-próf líka framkvæmt til að sjá hvort það staðfesti mun á afstöðu þessara tveggja samfélaga sem til skoðunar voru en einnig framkvæmt Levene's próf fyrir dreifni í mati á gæðum þáttanna milli samfélaganna. a) Levene's próf er marktækt ($p < ,05$), ögrar forsendunni um einsleita dreifni b) p-gildi notuð. LR (e. *likelihood ratio*) er próf á líkanið í heild sambærilegt F-gilda prófi í línulegri aðhvarfsgreiningu og hér er birt kíkvaðratgildi.

Næst voru afmarkaðri þjónustuþættir sveitarfélaga greindir. Þá kom í ljós að íbúar hreinna dreifbýlissveitarfélaga virtust vera ánægðari með einn þátt af þrettán sem skoðaðir voru, tónlistarskólann sinn (Líkan 12, Tafla 6), en óánægðari með sjö þætti og voru þetta því vísbendingar um að þeim væri óhætt að sameinast stærra sveitarfélagi. En hvaða sjö þættir voru þetta? Í fyrsta lagi voru íbúar hreinna dreifbýlissveitarfélaga óánægðari með skipulagsmálin (Tafla 4). Stikalaus prófin (t-próf og Mann-Whitney) bentu til að dreifnin væri ekki nógu einsleit varðandi þáttinn *ásýnd*.

Í öðru lagi voru íbúar hreinna dreifbýlissveitarfélaga marktækt óánægðari með fjóra af fimm þáttum innan félagsþjónustu: Þjónustu við aldraða, dvalarheimili, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda og þjónustu við innflytjendur (Tafla 5). Stikalausni prófin bentu til að munurinn væri líka marktækur á milli hópanna en dreifni svaranna var ekki nógu einsleit í tilfelli þjónustu við fatlaða, fólk í fjárhagsvanda og innflytjendur. Hér er vísað til þess að misdreifni getur verið vandamál í aðhvarfsgreiningu en vísbendingar um hana er að finna í t-prófinu (sjá Levene's próf).

Tafla 5. Niðurstöður þátta er tengjast félagsþjónustu

Skýribreytur	(Líkan 5) Aldraðir	(Líkan 6) Dvalarheimili	(Líkan 7) Fatlaðir	(Líkan 8) Fjárhagsvandi	(Líkan 9) Innflytjendur
Aldur	1,49 (2,87)**	1,34 (2,14)**	0,92 (-0,59)	0,77 (-1,60)	0,49 (-4,69)***
Börn á heimili	1,00 (-0,04)	0,90 (-1,10)	1,02 (0,25)	1,27 (2,18)**	0,98 (-0,22)
Býr einn/ein/eitt	1,02 (0,11)	0,98 (-0,15)	1,07 (0,48)	0,93 (-0,49)	0,99 (-0,10)
Íbúar	1,01 (0,11)	1,17 (3,18)***	1,19 (3,47)***	0,81 (-3,78)***	0,97 (-0,59)
Kyn, (karl = 1)	0,97 (-0,36)	0,94 (-0,74)	1,10 (1,11)	1,02 (0,16)	1,18 (1,80)*
Menntunarstig	1,02 (0,75)	0,98 (-0,78)	1,02 (0,65)	1,05 (1,68)*	0,90 (-3,96)***
Uppruni (erlendur =1)	0,73 (-1,80)*	0,85 (-0,94)	0,91 (-0,52)	0,64 (-2,24)**	0,46 (-4,17)***
Árið 2020	1,43 (4,37)***	1,06 (0,71)	1,38 (3,79)***	1,17 (1,57)	1,39 (3,63)***
Hrein sveit	0,60 (-3,45)***	0,78 (-1,68)*	1,02 (0,13)	0,59 (-2,93)**	0,70 (-2,08)**
Fjöldi athugana	2114	2082	1972	1835	1919
LR-próf, chi2	58,07***	40,47***	36,58***	37,85***	66,62***
Pseudo R ²	0,0103	0,0068	0,0071	0,0095	0,015
T-próf ^{b)}	<0,001	<0,001	<0,001 ^{a)}	<0,001 ^{a)}	<0,001 ^{a)}
Mann-Whitney ^{b)}	<0,001	<0,001	<0,001	<0,001	<0,001

Raðkvarðalíkani var beitt og gögnin eru frá 2016, 2017 og 2020. Stuðlarnir eru líkindahlutfall (e. *odds ratio*) og í sviga eru z-gildi. * stenst 10% marktæktarkröfu, ** stenst 5% marktæktarkröfu, *** stenst 1% marktæktarkröfu. Til hliðsjónar var Mann-Whitney og T-próf líka framkvæmd til að sjá hvort það staðfesti mun á afstöðu þessara tveggja samfélaga sem til skoðunar voru en einnig framkvæmt Levene's próf fyrir dreifni í mati á gæðum þáttanna milli samfélaganna. a) Levene's próf er marktækt ($p < ,05$), ögrar forsendunni um einsleita dreifni b) p-gildi notuð. LR (e. *likelihood ratio*) er próf á líkanið í heild sambærilegt F-gilda prófi í línulegri aðhvarfsgreiningu og hér er birt kíkvaðratgildi.

Í þriðja lagi voru hrein dreifbýlissamfélög óánægðari með tækifæri til íþróttar- og tómstundaiðkunar og gæði unglingsstarfs þegar horft var til þátta sem tengjast fræðslu-, uppeldis, íþróttar- og æskulýðsmálum en munurinn var ekki marktækur varðandi gæði grunnskóla og leikskóla (Tafla 6). Stikalausni prófin bentu öll til þess að munur væri á afstöðu hópanna varðandi alla þætti nema gæði grunn- og leikskóla, en dreifing svaranna hefði mátt vera jafnari á milli þeirra í öllum tilvikum nema gæði unglingsstarfs.

Tafla 6. Niðurstöður þátta er tengjast fræðslu-, uppeldis, íþrótt- og æskulýðsmálum

Skýribreytur	(Líkan 10) Grunnskóli	(Líkan 11) Leikskóli	(Líkan 12) Tónlistarskóli	(Líkan 13) Íþróttir	(Líkan 14) Unglingastarf
Aldur	1,65 (3,54)***	1,71 (3,79)***	1,55 (3,07)**	1,20 (1,35)	1,02 (0,12)
Börn á heimili	1,49 (4,21)***	1,50 (4,24)***	1,39 (3,45)***	1,14 (1,45)	0,99 (-0,06)
Býr einn/ein/eitt	0,88 (-0,95)	0,84 (-1,30)	0,92 (-0,65)	0,81 (-1,62)	0,96 (-0,28)
Íbúar	0,96 (-0,78)	0,99 (-0,12)	1,35 (5,95)***	1,30 (5,64)***	0,98 (-0,33)
Kyn (karl = 1)	0,91 (-1,14)	0,95 (-0,60)	0,87 (-1,65)*	1,08 (0,92)	1,15 (1,60)
Menntunarstig	1,13 (5,03)***	1,10 (3,79)***	1,08 (3,19)***	1,05 (2,33)**	1,06 (2,31)**
Uppruni (erlendur =1)	0,79 (-1,36)	0,70 (-2,03)**	0,46 (-4,40)***	0,87 (-0,84)	0,93 (-0,42)
Árið 2020	1,22 (2,37)**	1,50 (4,81)***	1,23 (2,52)**	1,19 (2,16)**	1,38 (3,78)***
Hrein sveit	1,09 (0,59)	1,05 (0,33)	1,47 (2,50)**	0,69 (-2,48)**	0,61 (-3,17)**
Fjöldi athugana	2082	2062	2095	2195	2007
LR-próf, chi2	76,10***	89,85***	100,66***	104,01***	38,90***
Pseudo R ²	0,0142	0,0173	0,0184	0,0171	0,0075
T-próf ^{b)}	0,036 ^{a)}	0,002 ^{a)}	<0,001 ^{a)}	<0,001 ^{a)}	<0,001
Mann-Whitney ^{b)}	0,131	0,003	<0,001	<0,001	<0,001

Raðkvarðalíkani var beitt og gögnin eru frá 2016, 2017 og 2020. Stuðlarnir eru líkindahlutfall (e. *odds ratio*) og í sviga eru z-gildi. * stenst 10% marktæktarkröfu, ** stenst 5% marktæktarkröfu, *** stenst 1% marktæktarkröfu. Til hliðsjónar var Mann-Whitney og T-próf líka framkvæmt til að sjá hvort það staðfesti mun á afstöðu þessara tveggja samfélaga sem til skoðunar voru en einnig framkvæmt Levene's próf fyrir dreifni í mati á gæðum þáttanna milli samfélaganna. a) Levene's próf er marktækt ($p < ,05$), ögrar forsendunni um einsleita dreifni b) p-gildi notuð. LR (e. *likelihood ratio*) er próf á líkanið í heild sambærilegt F-gilda prófi í línulegri aðhvarfsgreiningu og hér er birt kíkvaðratgildi.

Þá hefur verið fjallað um þær niðurstöður sem voru höfundum sérstaklega hugleiknar við vinnslu þessarar rannsóknar. Margt annað er þarna áhugavert og tengist viðfangsefninu. Ef við skoðum fyrst afstöðu íbúanna til sveitarfélagsins almennt þá voru eldri íbúar ánægðari með sveitarfélagið sitt en þeir yngri. Því menntaðri sem íbúar voru, því ánægðari voru þeir með sveitarfélagið. Þá var ánægjan meiri í fámennari sveitarfélögum en fjölmennari árið 2020 en 2016 og 2017. Þegar kom að skipulagsmálum, ásýnd og sormálum kom í ljós að ánægja með þá þætti var meiri meðal fámennari sveitarfélaga en fjölmennari. Hins vegar voru yngri íbúar ánægðari með ásýnd á meðan þeir eldri voru ánægðari með sormál. Hins vegar voru innflytjendur ánægðir með bæði ásýnd og sormál. Svo voru þeir sem bjuggu einir óánægðari með sormálin.

Ef við skoðum aðrar niðurstöður sem tengjast félagsþjónustu sérstaklega kom fram að innflytjendur voru óánægðari en Íslendingar með þrjá af fimm þáttum: Þjónustu við aldraða, þjónustu við fólk í fjárhagsvanda og innflytjendur. Þátttakendur voru samt ánægðari með alla þessa þætti 2020 en árin 2016 og 2017. Menntafólk og konur voru líka óánægðari með þjónustu við innflytjendur en karlar og minna menntað fólk. Meiri ánægja var með dvalarheimili og þjónustu við fatlaða í fjölmennari sveitarfélögum en því var öfugt farið gagnvart þjónustu við fólk í fjárhagsvanda. Ánægja var meiri meðal eldra fólks þegar kom að þjónustu við aldraða, dvalarheimili, en þessu var öfugt farið er varðar þjónustu við innflytjendur.


Að lokum skal greint frá niðurstöðum greininganna á þáttum sem tengjast fræðslu-, uppeldis-, íþrótt- og æskulýðsmálum. Jákvæð fylgni er á milli aldurs og skólagerðanna þriggja (leik-, grunn- og tónlistarskóla), hvort það eru börn á heimili og menntunar þátttakenda (í árum talið). Þá var ánægja með skólana marktækt meiri á Covid-árinu 2020 en árin 2016 og 2017. Hins vegar voru innflytjendur mun óánægðari með leik- og grunnskóla en Íslendingar. Þegar kom að tækifærum til íþróttaiðkunar og tómsunda ásamt unglíngastarfi var minna um að stöku hópar skæru sig úr varðandi ánægju með þá. Það helsta var að langskólagegnir voru ánægðari með báða þessa þætti en þeir

sem höfðu styttri skólagöngu. Að öðru leyti var ánægja með tækifæri til íþrótt- og tómstundaiðkunar og unglíngastarf meiri eftir því sem sveitarfélögin voru fjölmennari og meiri var ánægjan með þennan þátt árið 2020 en 2016/2017.

Fjöldi athuganna er mikill á bakvið þessar greiningar en Pseudo R^2 voru í öllum tilvikum lágur, þ.e. 0,007-0,018, sem gáfu þá til kynna að líkönin gætu verið að skýra lítinn hluta af breytileikanum í háðu breytunum. Pseudo R^2 stuðlar voru því óheppilega lágir en það getur verið vegna þess hvað gagnasafnið er stórt og hversu margar óháðar breytur voru í líkönunum en grein þeirra Hemmert og félaga (2018) fjalla einmitt um þennan veikleika Pseudo R^2 við þessar aðstæður og mæla ekki með notkun hans þá. Ákveðið var samt að birta Pseudo R^2 hér en hafa líka LR-próf með en þau bentu til að líkönin í heild sinni hafi verið nokkuð góð og náð að útskýra breytileika háðu breytanna.

Ósamræmi í dreifingu almenns viðhorf fólks til síns sveitarfélags vakti athygli höfunda. Þegar dreifingin var skoðuð kom í ljós að meðaltal hreinna dreifbýlissveitarfélaga var lægra en blandaðra sveitarfélaga en miðgildin voru eins (Mynd 1). Hins vegar var 95% öryggisbil miklu víðara hjá hreinum dreifbýlissveitarfélögum og efri mörkin lágu nærri efri mörkum blandaðra sveitarfélaga en neðri mörkin voru töluvert fyrir neðan. Þetta gefur til kynna að í hreinum dreifbýlissveitarfélögum séu íbúar sem eru jafn ánægðir með sitt sveitarfélag og íbúar blandaðra sveitarfélaga en líka íbúar sem eru miklu óánægðari en íbúar blandaðra sveitarfélaga.

Mynd 1. Dreifni í svörum við viðhorfi til eigin sveitarfélags. Hringur gefur til kynna meðaltal með 95% öryggismörkum en kassi miðgildið. Gildið 0 á lárétta ásnum stendur fyrir svör íbúa í dreifbýli blandaðra sveitarfélaga en 1 fyrir svör íbúa hreinna dreifbýlissveitarfélaga.



Næst var dreifnin skoðuð myndrænt með sama hætti fyrir mælingar á öðrum þáttum sem tengdust þjónustu sveitarfélaga (ekki sýnt hér) og stóðust ekki Levene's prófið fyrir einsleita dreifni. Í ljós kom að dreifnin í svörum íbúa hreinna dreifbýlissveitarfélaga var alltaf meiri en blandaðra sveitarfélaga. Afstaða íbúa hreinna dreifbýlissveitarfélaga á þjónustu sinna sveitarfélaga voru því mjög ólíkar innbyrðis á meðan að þær voru miklu líkari hjá blönduðum sveitarfélögum. Bara það atriði felur í sér forskot blandaðra sveitarfélaga á hrein dreifbýlissveitarfélög því það felur í sér meiri jöfnuð í þjónustu sveitarfélaga gagnvart íbúunum eða einfaldlega meira öryggi fyrir gæðum þjónustunnar í þeim blandaðri. Stundum náði efra öryggisbilið hjá íbúum hreinna dreifbýlissveitarfélaga efra öryggisbili íbúa blandaðra sveitarfélaga en neðra öryggisbilið var alltaf langt fyrir neðan eins og kom fram er varðar almennt viðhorf þátttakenda til síns sveitarfélags og sýnt er myndrænt (Mynd 1). Í öllum

öðrum tilvikum voru bæði mörk öryggisbilsins fyrir neðan. Af þessu má ætla að jákvæðni sé alltaf eða oftar meiri í garð þjónustu blandaðra en hreinna dreifbýlissveitarfélaga þar sem dreifnin stóðst ekki Levene's prófið. Hér er samt sem áður eitthvað óútskýrt sem þarfnast frekari greiningar. Er seinni hluti þessa kafla tileinkaður nýjum tilgátum sem urðu til við vinnslu á ofangreindum niðurstöðum.

Tvær tilgátur komu fram um hugsanlegar skýringar á misdreifninni. Sú fyrri gekk út á að rekja mætti mikla breidd í ánægju með þjónustu hreinna dreifbýlissveitarfélaga til þess hvort þau rækju sína eigin grunnskóla og leikskóla sjálf eða keyptu þá þjónustu af öðrum sveitarfélögum. Ekki er alveg víst hvor staðan væri betri gagnvart íbúunum. Annaðhvort væri rekstur á eigin skólum betri vegna nálægðar sveitarfélagsins við íbúana þannig að íbúar hreinna dreifbýlissveitarfélaga sem rækju sína eigin skóla væru mun ánægðari með rekstur skóla sinna en íbúar hreinna dreifbýlissveitarfélaga sem gerðu það ekki. Eða að skólar í eigin rekstri hafi reynst fámennu sveitarfélögunum fjárhagslega ofviða þannig að sveitarfélagið væri í vandræðum með skólareksturinn og jafnvel vanrækti önnur skylduverkefni af þeim sökum. Það hafi gert íbúa hreinna dreifbýlissveitarfélaga sem ráku sína skóla óánægðari með skólann og ýmsa aðra þjónustu en íbúa hreinna dreifbýlissveitarfélaga sem keypt hafa skólaþjónustu af öðrum sveitarfélögum.

Seinni tilgátan gekk út frá því að þessa misdreifni mætti rekja til sértekjusveitarfélaga á þann hátt að þau hefðu óvenju miklar tekjur (hlutfallslega) af stórum eignum eins og virkjunum, stórum verksmiðjum, flugvöllum eða mörgum sumarhúsum. Tilgátan gengur því út á það að sértekjusveitarfélög séu fjárhagslega sterkari en önnur hrein dreifbýlissveitarfélög og geti því gert betur við íbúa sína bæði hvað skólarekstur snertir og ýmsa aðra þjónustu. Þess vegna séu íbúar hreinna dreifbýlissveitarfélaga sem flokkast líka sem sértekjusveitarfélög ánægðari með þjónustu síns sveitarfélags en íbúar hreinna dreifbýlissveitarfélaga sem ekki flokkast sem sértekjusveitarfélög.

Hannaðar voru sérstakar leppbreytur til að leita vísbendinga um þetta tvennt. Yfirlit yfir þau sveitarfélög sem ráku eigin grunn- og leikskóla viðkomandi ár er að finna í viðauka og þar kemur fram hvort þau hafi haft óvenju sterka tekjustofna vegna tiltekinnar og einskærrar sérstöðu af því tagi sem tekin voru dæmi hér um framfarir (sértekjusveitarfélög). Óháðu breytunni „hrein sveit“ var því skipt upp í þrennt: 1) hrein dreifbýlissveitarfélög sem ekki ráku eigin grunn- og leikskóla (DSES), 2) hrein dreifbýlissveitarfélög sem höfðu sértekjur og ráku sína eigin skóla (DSST), 3) hrein dreifbýlissveitarfélög sem höfðu sértekjur og ráku ekki sína eigin skóla (DSSTES). Til að gæta samræmis var tveimur breytum bætt við en það voru blönduð sveitarfélög sem ráku ekki sína eigin skóla (BSES) og blönduð sértekjusveitarfélög (BSST). Ekki var dæmi um að blandað sértekjusveitarfélag ræki ekki sína skóla og því var BSSTES ekki til. Í viðauka er síðan að finna fjölda sveitarfélaga í hverri þessara breyta (Tafla 12) og í lýsandi tölfræði má greina fjölda svara þar undir (Tafla 2). Af því má sjá að fara verður varlega með þessar niðurstöður en próf staðfestu samt að það dró umtalsvert úr misdreifni og skýringarnar því að hluta til fundnar.

Þegar raðkvarðalíkanið var keyrt með þessum nýju leppbreytum, sem drógu út þau hreinu dreifbýlissveitarfélög sem ekki ráku eigin grunn- og leikskóla (DSES), gagnvart almennu viðhorfi íbúanna til eigin sveitarfélags (Líkan 15, Tafla 7) kom í ljós að þar var sterk marktæk fylgni¹. Stuðullinn var bæði hærri og marktækari í líkani 15 en líkani 1. Óánægja íbúanna var því meiri í hreinum dreifbýlissveitarfélögum sem ráku sína eigin leikskóla og/eða grunnskóla en í þeim sem ekki voru í slíkum rekstri. Einnig kom fram að íbúar hreinna dreifbýlissveitarfélaga sem höfðu sértekjur og ráku sína eigin skóla (DSST) voru marktækt óánægðari en íbúar þeirra sem ekki gerðu það (DSSTES). Þarna virðast þessar viðbótartekjur því ekki duga þeim til að skapa sér vinsældir. Hærra kíkvadrategildi LR-prófsins benti til að þetta líkan væri betra en það fyrra. Af þessum sökum þótti ástæða til að keyra öll líkönin (Líkön 2-14) upp á nýtt með þessum leppbreytum til að rekja hvaðan þessi óánægja kæmi (sjá nýjar greiningar í líkönum 15-28 í töflum 7-9).

Verður hér fjallað um niðurstöður sem koma fram í töflum 7-9. Athygli vekur að sértekjusveitarfélög í hópi hreinna dreifbýlissveitarfélaga sem reka sína eigin skóla er eini flokkur sveitarfélaga

sem fær marktækt lakari niðurstöðu en blönduðu sveitarfélögin í opnu spurningunni um viðhorf til sveitarfélagsins (Líkan 15). Öll hin fá marktækt jákvætt frávik frá þeim sveitarfélögum. Reyndar voru það íbúar sveitarfélaga sem ekki ráku sína eigin skóla (DSES, DSSTES og BSES) sem voru marktækt ánægðari með sitt sveitarfélag en aðrir íbúar. Dreifbýlissveitarfélög sem ekki reka eigin skóla (DSES) fengu mestu marktækni að þessu leyti. Hinn flokkur sveitarfélaga, sértekjusveitarfélög sem ekki ráku sinn eigin skóla, voru með síðri marktækni. Hér er einna markverðast að þau sveitarfélög sem reka sína eigin skóla virðast ekki gera það með meiri vinsældum en þau sveitarfélög sem kaupa skólalþjónustu af öðrum sveitarfélögum, með einni undantekningu þó (Líkan 24). Það eru dreifbýlissveitarfélög sem reka sína eigin skóla og höfðu sértekjur að auki. En þau sveitarfélög virðast ekki gera allt vel því þar var óánægja meiri með möguleika til íþrótt- og tómstundaiðkunar og unglíngastarf. Kannski hrökkva viðbótartekjurnar ekki til, til að fylgja skólamáluðum eftir án þess að vanrækja annað.

Á þessu sést að þau sveitarfélög sem ráku ekki sína skóla nutu jákvæðara viðhorfs en þau sem það reyndu (allar breytur sem enda á stöfunum „ES“ (ekki skóli) í líkani 15). Athygli vakti hins vegar að íbúar hreinna dreifbýlissveitarfélaga sem ráku sjálf sína grunn- og eða leikskóla uppskárðu meiri óánægju íbúanna með ýmsa aðra þjónustu sveitarfélagsins, borið saman við fyrri líkón (DSES borið saman við breytuna hrein sveit²). Skipulagsmál, þjónusta við fatlaða, íþróttir- og tómstundaiðkun og jafnvel unglíngastarf³ virtust vera betri hjá þeim sem ráku ekki sína skóla (DSES) á meðan þjónusta við aldraða, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda og þjónusta við innflytjendur voru verri. Gæði skólanna þriggja virtust hins vegar vera þau sömu sem gæti komið til af því að lög og reglugerðir um skólastarf eru skýr.

Tafla 7. Niðurstöður þátta er tengjast umhverfismálum og almennu viðhorfi gagnvart eigin sveitarfélagi

Skýribreytur	(Líkan 15) Almennt viðhorf til sveitarfélagsins	(Líkan 16) Skipulagsmál	(Líkan 17) Ásýnd	(Líkan 18) Sorpmaal
Aldur	1,56 (3,37)***	1,12 (0,81)	0,61 (-2,48)**	1,98 (3,62)***
Börn á heimili	1,08 (0,83)	1,06 (0,63)	1,09 (0,73)	0,87 (-1,23)
Býr einn/ein/eitt	0,97 (-0,22)	0,83 (-1,45)	1,01 (0,04)	0,73 (-1,76)*
Íbúar	0,84 (-3,90)***	0,78 (-5,27)***	0,94 (-1,01)	0,85 (-2,74)**
Kyn (karl = 1)	1,02 (0,19)	1,02 (0,24)	0,89 (-1,10)	1,13 (1,13)
Menntunarstig	1,11 (4,49)***	1,04 (1,58)	1,03 (0,95)	1,03 (0,84)
Uppruni (erlendur =1)	0,89 (-0,75)	1,07 (0,40)	1,80 (2,69)**	1,76 (2,72)**
Árið 2020	1,19 (2,17)**	0,99 (-0,16)	1,00 (0,00)***	1,00 (0,00)***
Hrein sveit	n,a,	n,a,	n,a,	n,a,
DSES	2,65 (3,26)***	1,05 (0,18)	1,10 (0,20)	1,56 (0,96)
DSST	0,62 (-2,47)**	0,81 (-1,04)	0,33 (-3,80)***	1,25 (0,77)
DSSTES	1,73 (1,89)*	1,44 (1,20)	1,84 (1,55)	1,59 (1,22)
BSES	6,44 (1,84)*	2,14 (0,75)	10,27 (1,90)*	0,44 (-0,91)
BSST	1,20 (1,17)	1,48 (2,32)**	1,21 (0,86)	1,44 (1,80)*
Fjöldi athugana	2241	2117	1274	1255
LR-próf, prob > chi2	99,31***	57,34***	51,10***	49,56***
Pseudo R ²	0,0144	0,0099	0,0166	0,0136

Raðkvarðalíkani var beitt og gögnin eru frá 2016, 2017 og 2020. Stuðlarnir eru líkindahlutfall (e. *odds ratio*) og í sviga eru z-gildi. * stenst 10% marktæktarkröfu, ** stenst 5% marktæktarkröfu, *** stenst 1% marktæktarkröfu. LR (e. *likelihood ratio*) er próf á líkanið í heild sambærilegt F-gilda prófi í línulegri aðhvarfsgreiningu og hér er birt kíkvæðratgildi.

Tafla 8. Niðurstöður þátta er tengjast félagsþjónustu

Skýribreytur	(Líkan 19) Þjónusta við aldræða	(Líkan 20) Dvalar-heimili	(Líkan 21) Þjónusta við fatlaða	(Líkan 22) Þjónusta við fólk í fjárhagsvanda	(Líkan 23) Þjónusta við innflytjendur
Aldur	1,49 (2,85)**	1,31 (1,98)**	0,91 (-0,62)	0,78 (-1,57)	0,50 (-4,65)***
Börn á heimili	0,98 (-0,18)	0,87 (-1,54)	1,02 (0,20)	1,27 (2,15)**	0,98 (-0,21)
Býr einn/ein/eitt	1,00 (0,02)	0,95 (-0,39)	1,06 (0,43)	0,92 (-0,54)	0,99 (-0,09)
Íbúar	1,05 (0,95)	1,21 (3,97)***	1,25 (4,39)***	0,84 (-3,00)**	0,98 (-0,32)
Kyn (karl = 1)	0,98 (-0,30)	0,96 (-0,52)	1,09 (1,04)	1,00 (0,00)	1,18 (1,85)*
Menntunarstig	1,01 (0,46)	0,98 (-1,02)	1,01 (0,55)	1,04 (1,43)	0,90 (-4,01)***
Uppruni (erlendur =1)	0,78 (-1,41)	0,93 (-0,39)	0,91 (-0,50)	0,64 (-2,24)**	0,46 (-4,08)***
Árið 2020	1,44 (4,42)***	1,08 (0,97)	1,39 (3,82)***	1,16 (1,48)	1,39 (3,60)***
Hrein sveit	n,a,	n,a,	n,a,	n,a,	n,a,
DSES	0,46 (-2,60)**	0,81 (-0,72)	1,86 (2,03)**	0,55 (-1,74)*	0,55 (-1,88)*
DSST	0,80 (-1,17)	1,16 (0,79)	1,01 (0,05)	0,45 (-3,33)***	0,85 (-0,67)
DSSTES	0,94 (-0,21)	0,89 (-0,42)	1,34 (0,99)	1,72 (1,64)*	0,84 (-0,57)
BSES	2,30 (0,70)	1	1,11 (0,06)	0,09 (-1,60)	5,18 (1,00)
BSST	0,60 (-3,09)**	0,25 (-8,05)***	0,83 (-1,09)	0,90 (-0,52)	0,93 (-0,40)
Fjöldi athugana	2114	2042	1972	1835	1919
LR-próf, prob > chi2	62,70***	103,99***	42,78***	49,17***	67,23***
Pseudo R ²	0,0111	0,0175	0,0083	0,0123	0,0152

Raðkvarðalíkani var beitt og gögnin eru frá 2016, 2017 og 2020. Stuðlarnir eru líkindahlutfall (e. *odds ratio*) og í sviga eru z-gildi. * stenst 10% marktæktarkröfu, ** stenst 5% marktæktarkröfu, *** stenst 1% marktæktarkröfu. LR (e. *likelihood ratio*) er próf á líkanið í heild sambærilegt F-gilda prófi í línulegri aðhvarfsgreiningu og hér er birt kíkvaðratgildi.

Tafla 9. Niðurstöður þátta er tengjast fræðslu-, uppeldis, íþrótt- og æskulýðsmálum

Skýribreytur	(Líkan 24) Grunnskóli	(Líkan 25) Leikskóli	(Líkan 26) Tónlistarskóli	(Líkan 27) Íþróttir	(Líkan 28) Unglingastarf
Aldur	1,64 (3,51)***	1,71 (3,78)***	1,51 (2,87)**	1,20 (1,32)	1,02 (0,12)
Börn á heimili	1,49 (4,20)***	1,51 (4,32)***	1,38 (3,34)***	1,13 (1,35)	0,99 (-0,15)
Býr einn/ein/eitt	0,88 (-0,97)	0,85 (-1,23)	0,89 (-0,84)	0,80 (-1,75)*	0,96 (-0,31)
Íbúar	0,97 (-0,56)	0,99 (-0,19)	1,40 (6,65)***	1,39 (7,06)***	1,01 (0,18)
Kyn (karl = 1)	0,91 (-1,13)	0,95 (-0,57)	0,88 (-1,57)	1,07 (0,87)	1,13 (1,48)
Menntunarstig	1,13 (5,05)***	1,10 (3,89)***	1,07 (3,05)**	1,05 (2,03)**	1,06 (2,22)**
Uppruni (erlendur =1)	0,78 (-1,39)	0,68 (-2,15)**	0,47 (-4,22)***	0,88 (-0,77)	0,92 (-0,43)
Árið 2020	1,23 (2,43)**	1,51 (4,87)***	1,26 (2,73)**	1,19 (2,20)**	1,37 (3,73)***
Hrein sveit	n,a,	n,a,	n,a,	n,a,	n,a,
DSES	1,12 (0,38)	0,74 (-1,00)	1,60 (1,56)	1,20 (0,61)	0,58 (-1,74)*
DSST	1,42 (1,73)*	1,46 (1,86)*	2,72 (5,00)***	0,60 (-2,58)**	0,53 (-3,03)**
DSSTES	1,10 (0,29)	1,00 (0,01)	1,79 (1,89)*	1,43 (1,27)	0,95 (-0,16)
BSES	1,26 (0,14)	1,17 (0,10)	1,00 (0,00)***	2,03 (0,61)	0,49 (-0,44)
BSST	1,12 (0,67)	1,44 (2,16)**	0,81 (-1,25)	0,68 (-2,48)**	0,99 (-0,09)
Fjöldi athugana	2082	2062	2095	2195	2007
LR-próf, prob > chi2	79,09***	99,43***	124,23***	114,08***	39,94***
Pseudo R ²	0,0148	0,0192	0,0227	0,0187	0,0077

Raðkvarðalíkani var beitt og gögnin eru frá 2016, 2017 og 2020. Stuðlarnir eru líkindahlutfall (e. *odds ratio*) og í sviga eru z-gildi. * stenst 10% marktæktarkröfu, ** stenst 5% marktæktarkröfu, *** stenst 1% marktæktarkröfu. LR (e. *likelihood ratio*) er próf á líkanið í heild sambærilegt F-gilda prófi í línulegri aðhvarfsgreiningu og hér er birt kíkvaðratgildi.

Athygli vekur að niðurstöður í seinni útgáfu líkananna (Töflur 7-9) voru mjög áþekkar þeim sem fengust í fyrri keyrslunum (Töflur 4-6) gagnvart þeim breytum sem voru sameiginlegar á milli þeirra og er það ein vísbending fyrir áreiðanleika niðurstaðnanna. Fjögur frávík fundust. Í fyrsta lagi hafði verið veik neikvæð fylgni á milli fjölda íbúa og ásýndar (Líkan 3) sem var horfin í seinni keyrslunni (Líkan 17). Í öðru lagi var einnig veik neikvæð fylgni á milli uppruna og þjónustu við aldraða (Líkan 5) sem horfin var í seinni keyrslunni (Líkan 19). Í þriðja lagi voru þeir sem bjuggu einir almennt óánægðari með möguleika til íþróttaiðkunnar í seinni keyrslunni (Líkan 27) sem ekki mældist í þeirri fyrri (Líkan 13). Að lokum voru konur óánægðari en karlar með tónlistarskóla (Líkan 12) en sú fylgni mældist ekki í seinni keyrslunni (Líkan 26).

Umræða

Viðfangsefni þessarar greinar var að kanna hvort munur væri á ánægju íbúa hreinna dreifbýlissveitarfélaga annars vegar og íbúa í dreifbýli blandaðra sveitarfélaga hins vegar með þjónustu sveitarfélagsins. Samandregið er niðurstaðan sú að íbúar hreinna dreifbýlissveitarfélaga voru óánægðari með sjö þjónustuþætti sveitarfélaga af þeim þrettán sem horft var til. Það voru fjórir þættir sem falla undir félagsþjónustu; þjónustu við aldraða, dvalarheimili, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda og þjónustu við innflytjendur, tveir sem flokkast undir fræðslu-, uppeldis, íþrótt- og æskulýðsmál; tækifæri til íþrótt- og tómstundaiðkunar og gæði unglingsstarfs og að lokum skipulagsmál. Hins vegar voru íbúar þessara sveitarfélaga ánægðari með tónlistarskólann og engan annan þátt. Þetta voru fyrstu niðurstöður greininganna sem kynntar voru í niðurstöðukafla. Niðurstöðurnar benda því til þess að hrein dreifbýlissveitarfélög kæmu betur út sem blandað sveitarfélög t.d. í kjölfar sameiningar og er það eitt af framlögum þessarar greinar.

Segja má að helsta framlag þessarar greinar, bæði fræðilegt en einnig til almennrar umræðu um sveitarstjórnarmál, séu seinni tölfræðigreiningar sem kynntar voru í niðurstöðukafla. Í þeim var ánægja íbúa greind eftir tveimur sérkennum: Hvort viðkomandi sveitarfélag rak eigin grunnskóla eða keypti þjónustuna af öðru sveitarfélagi, og hvort viðkomandi sveitarfélag hafði sértekjur eða ekki (sértekjur eru t.d. tekjur af stórum eignum eins og virkjunum, stórum verksmiðjum eða mörgum sumarhúsum). Hugmyndin að þessum greiningum kviknaði þegar kom í ljós að enginn marktækur munur var á milli íbúa hreinna dreifbýlissveitarfélaga og íbúa í dreifbýli blandaðra sveitarfélaga þegar spurt var um hvort þeir væru almennt neikvæðir eða jákvæðir í garð síns sveitarfélags. Höfundar veittu því þó eftirtekt að meiri dreifing var í svörum íbúa hreinna dreifbýlissveitarfélaga. Var því gerð frekari greining til að komast að því í hverju aukin dreifing gæti legið. Í ljós kom að óánægja íbúa var meiri í hreinum dreifbýlissveitarfélögum sem ráku sína eigin leikskóla og/eða grunnskóla en í þeim sem ekki voru í slíkum rekstri. Enn fremur kom fram að íbúar hreinna dreifbýlissveitarfélaga sem höfðu sértekjur og ráku sína eigin skóla voru marktækt óánægðari en íbúar þeirra sem ekki gerðu það. Sértekjurnar virðast því ekki duga til þess að auka ánægju íbúa.

Séu niðurstöður um ánægju með skólustarf dregnar saman má segja að heilt yfir virðist það vera þannig að íbúar séu jafn ánægðir með skólana hvort sem þeir eru reknir af þeirra sveitarfélagi eða öðru sveitarfélagi. Mögulegt er að þessi rekstur sé hins vegar svo dýr í samanburði við það sem þeir eru að borga öðru sveitarfélagi fyrir menntun barna sinna að það bitni á annarri þjónustu (sbr. verri niðurstöður í öðrum þáttum). Þetta ætti að vera nokkuð rökrétt þar sem fámenn sveitarfélög eru annað hvort að greiða meðalkostnað á nemanda eða jaðarkostnað (viðbótarkostnað) og hann er alltaf lægri í fjölmennari skóla en fámennum ef þar nýtur við stærðarhagkvæmni. Hér eru því sterkar vísbendingar fyrir því í hverju misdreifnin liggur í svörum íbúa hreinna dreifbýlissveitarfélaga. Því má segja að ef hrein dreifbýlissveitarfélög væru að reka sína skóla sjálf eins og lög kveða á um þá væri óánægja almennt mun meiri og víðtækari í flestum þjónustuþáttum en hjá íbúum í dreifbýli blandaðra sveitarfélaga en fyrstu niðurstöður kváðu á um.

Þær niðurstöður sem hér hafa verið kynntar koma ekki alfarið á óvart og samhljómur er við rannsóknir á sameiningum sveitarfélaga á Íslandi. Í gögnum frá 2013 (Grétar Þór Eyþórsson og Vífill Karlsson, 2018) úr rannsókn sem var gerð á þá nýliðnum átta sameiningum kom ýmislegt sambæri-

legt í ljós. Flestar voru þær sameiningar lítilla og stórra sveitarfélaga nema í Fjallabyggð þar sem Siglufjarðarkaupstaður og Ólafsfjarðarbær sameinuðust en þau komust næst því af þessum átta að vera áþekk sveitarfélög fyrir sameiningu. Þátttakendur voru því flokkaðir þar í þá sem tilheyrðu minni sveitarfélögum viðkomandi sameininga og hina sem tilheyrðu stærri sveitarfélögum sameininganna. Fyrst voru þátttakendur beðnir um að taka afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar: „Mér finnst þjónusta sveitarfélagsins hafa almennt batnað eftir að hið sameinaða sveitarfélag varð til“. 36% þátttakenda voru ósammála þessu en 15% sammála. Næst voru þátttakendur spurðir: „Að hve miklu eða litlu leyti telur þú neðantalda þjónustu eða starfsemi sveitarfélagsins hafa batnað eða versnað í kjölfar sameininga (-r)“ og þeir beðnir um að meta 32 þætti. Einungis 12 þeirra voru taldir hafa versnað og fjórir þeirra vörðuð ekki þjónustu sveitarfélagsins heldur lýðræðisleg mál. Tuttugu þættir höfðu hins vegar lagast í kjölfar sameininganna og tengdust allir þjónustu á vegum sveitarfélaga.

Í sömu rannsókn (Grétar Þór Eypórsson og Vífill Karlsson, 2018) kom jafnframt fram að oftast var það þannig að íbúar sem tilheyrðu stærra sveitarfélagi að baki sameiningunum voru ánægðari en þeir sem tilheyrðu minna sveitarfélaginu. Samt var það þannig að í 10 þáttum af 32 töldu íbúar minni sveitarfélaganna þjónustuna hafa batnað jafnvel þó svo hún hafi ekki batnað eins mikið og hjá stærri sveitarfélögum að mati íbúa þeirra. Þetta voru þættirnir tónlistarskóli, íþrótt- og æskulýðsmál, dvalarheimili aldraðra, málefni fatlaðra, rekstur safna, félagsstarf aldraðra, barnaverndarnefndir, liðveisla og ferðaþjónusta, forðagæsla og almannavarnir. Þarna koma fyrir þættir eins og tónlistarskóli, íþrótt- og æskulýðsmál og þættir sem tengjast aðbúnaði aldraðra en þá má einnig finna í núverandi könnun. Þó er athyglisvert að sjá viðhorf til tónlistarskólanna hafa batnað í könnuninni 2013 en það var eina þjónustan sem talin var betri í hreinum þéttbýlissveitarfélögum í núverandi könnun (árin 2016, 2017 og 2020). Á þessu sést að tölurnar frá 2013 styðja niðurstöður þessarar rannsóknar nokkuð vel en þó ekki að öllu leyti. Sameining lítils sveitarfélags við stórt bætir þjónustu við íbúa þess fámennara eða jaðarsetta, jafnvel þó svo að þjónustan batni meira hjá íbúum þess fjölmennara sem er nær sterkasta þjónustukjarnanum. Þetta á sérstaklega við um þjónustu innan fræðslumála, félagsþjónustu auk æskulýðs- og íþróttamála sem eru lang fjárfrekustu málaflokkar sveitarfélaga (í kringum 85% af heildarútgjöldum þeirra samanlagt) og ef til vill þeir mikilvægustu. Athygli vakti að þau hreinu dreifbýlissveitarfélög sem ráku sína eigin grunnskóla virtust ekki ráða við reksturinn án þess að það kæmi niður á annarri þjónustu.

Höfundar vita ekki til þess að erlendar rannsóknir hafi verið framkvæmdar með sömu aðferðafræði og hér og er því um að ræða nokkur nýmæli. Niðurstöðurnar styðja kenningar í hagfræði um stærðarhagkvæmni, sérstaklega þegar um er að ræða sérhæfð verkefni sem krefjast mikilla fjárfestinga (Boyes og Melvin, 1999; Rosen og Gayer, 2008). Aukin ánægja íbúa með þjónustu í dreifbýli blandaðra sveitarfélaga styðja einnig við kenningar um lægri kostnað við veitingu þjónustu á dreifðu eða víðfermu svæði í sterkari stjórnsýslueiningu (Palander, 1935). Niðurstöðurnar hafa því sérstaka þýðingu fyrir byggðapróun dreifðra byggða á Íslandi, en þær styðja við samþjöppunarrökkin (e. *consolidationist argument*) um að sameining minni sveitarfélaga leiði af sér stærðarhagkvæmni, skilvirkni, aukin gæði og aukinn mátt sveitarfélagsins til að standa undir þjónustu fyrir alla íbúa þess (Baldersheim og Rose, 2010; Steiner o.fl., 2016). Mikilvægt er að draga fram þennan sérstaka ábata sem íbúar dreifbýlis virðast njóta í bættri þjónustu í blönduðum sveitarfélögum. Hafa verður í huga að eldri íslensk rannsókn (Karl Benediktsson og Hjalti Nielsen, 2008) benti til þess að brottflutningur hafi verið meiri frá svæðum með lágt þjónustustig. Það ætti því að vera kappsmál dreifbýlissamfélaga að efla þjónustu með sameiningu við blandað sveitarfélag þéttbýlis og dreifbýlis.

Rannsókn þessi byggir á öflugum gögnum úr íbúakönnun landshlutanna og má það teljast nokkuð afrek að byggja slíkar greiningar á stóru úrtaki íbúa sem búa í dreifbýli á Íslandi. Þessi greining var gerð á gögnum íbúakannana 2016, 2017 og 2020 þar sem rúmlega 17.000 tóku þátt en rúmlega 2.000 svör nýttust í greiningu í þessari rannsókn vegna þess að eingöngu íbúar í dreifbýli voru til skoðunar (í dreifbýli blandaðra sveitarfélaga og hreinna dreifbýlissveitarfélaga). Í greininni er einnig að finna aðferðafræðilegt framlag. Hér er um afhjúpanni greiningu að ræða þar sem þátttakendur voru aldrei

spurðir út í áhrif sameininga í könnuninni heldur eingöngu hversu góð þjónustan væri í viðkomandi sveitarfélagi. Síðan voru sambærileg samfélög borin saman að öðru leyti en því að annar hópurinn var ósameinað dreifbýlissamfélag en hinn sameinað dreifbýlissamfélag. Einnig má telja að fræðilega séð hafi aldrei áður verið leitað vísbendinga um gæði á þjónustu svo fámennra sveitarfélaga eins og hér og sveitarfélaga sem eru hrein dreifbýlissveitarfélög. Annar styrkleiki þessarar rannsóknar er að hún byggir bæði á aðhvarfsgreiningu og tveimur stikalausum prófum (Mann-Whitney og t-prófi) til hliðsjónar. Helstu veikleika rannsóknarinnar má rekja til gagnasafnsins (þrátt fyrir að það sé stórt). Gott hefði verið ef fengist hefði tilviljunarkennt úrtak af höfuðborgarsvæðinu, en það kemur þó ekki að sök í þessari rannsókn þar sem fáir koma þaðan inn í þessa úrvinnslu (sbr. Kjósarheppur, dreifbýli í Mosfellsbæ o.s.frv.). Ungu fólkið hefði mátt vera hærra hlutfall þátttakenda. Það kemur heldur ekki illa niður á þessari rannsókn þar sem íbúar í sveitum eru almennt eldri en þeir sem búa á þéttbýli. Þá voru ekki allir landshlutar með árin 2016 og 2017.

Frekari rannsóknir þurfa að fara fram á afleiðingum sameininga fyrir íbúa í dreifbýli. Nú stendur yfir nokkurs konar átak í sameiningum sveitarfélaga út um land allt og fleiri blönduð sveitarfélög verða til. Mikilvægt er að sveitarfélög, landshlutasamtök og ráðuneyti sveitarstjórnarmála kanni árangur af sameiningum og fylgist vel með þróuninni. Rannsakendur ættu að endurtaka sambærilega rannsókn að einhverjum tíma liðnum. Sérstaklega áhugavert væri að greina íbúapróun í dreifbýli eftir því hvort um sé að ræða hrein dreifbýlissveitarfélög eða blönduð. Það myndi taka niðurstöðurnar sem kynntar voru hér á annað stig ef í ljós kæmi að blönduð sveitarfélög héldu betur í sína íbúa—og löðuðu jafnvel að sér nýja.

Niðurlag

Nýlegar niðurstöður rannsóknar á ábata sameininga sveitarfélaga sem ekki náði til þeirra allra fámennustu (Vífill Karlsson og Grétar Þór Eypórsson, 2022) varð einn af helstu hvötum þessarar rannsóknar. Þar komu fram vísbendingar um að sameiningar þriggja eða fleiri sveitarfélaga væru líklegar til árangurs í formi samfélagslegs ábata innan viðkomandi sveitarfélaga en að árangur sameininga tveggja sveitarfélaga væri síðri þó að vissulega væri þar von líka. Núverandi rannsókn gefur til kynna að almennt virðast dreifbýlissamfélög geta komið betur út sameinuð stærri þjónustukjarna heldur en að reyna standa á eigin fótum í hreinu dreifbýlissveitarfélagi, ef marka má reyngslu annarra dreifbýlissamfélaga af slíku sambýli. Það sést á því að íbúar í blönduðum sveitarfélögum eru ánægðari en íbúar hreinna dreifbýlissveitarfélaga með að minnsta kosti sjö þætti af þeim 13 sem voru til skoðunar. Ef sveitarfélög vilja samt reyna að standa á eigin fótum þá virðist allt mæla með því að þau kaupi skólaþjónustu af öðru sveitarfélagi ef kostur er, jafnvel þó þau falli undir skilgreininguna um sértekjusveitarfélög. Athygli vekur að vísbendingar komu fram um að óánægja væri meiri með þjónustu hreinna dreifbýlissveitarfélaga sem reka sína eigin skóla en þeirra sem gera það ekki.

Niðurstöðurnar sem kynntar hafa verið hér benda eindregið til þess að sameiningar dreifbýlis- og þéttbýlissveitarfélaga skili árangri fyrir dreifbýlið. Þó niðurstöðurnar séu tilefni til bjartsýni, enda er það stefna stjórnvalda að fækka sveitarfélögum, þá skildi í upphafi endinn skoða. Lögþvingaðar sameiningar hafa gefið misjafna raun erlendis. Í Þýskalandi hafa þær skilað sparnaði í rekstri (Blesse og Baskaran, 2013) en vísbendingar eru um að lögþvingun hafi skemmt fyrir árangri af þeim í öðrum löndum (sjá t.d. dæmi frá Ástralíu: Drew o.fl., 2022; Svíþjóð: Hinnerich, 2009; og Japan: Nakazawa og Miyashita, 2013). Á Íslandi er sterk hefð fyrir sjálfsákvörðunarrétti íbúa í sameiningarmálum og ákvörðunartaka verður því að fara fram í opnu og lýðræðislegu ferli sem endar með kosningu allra íbúa. Í aðdraganda slíkra kosninga hér á landi er því mikilvægt að niðurstöður rannsókna sem þessarar verði kynntar íbúum hreinna dreifbýlissveitarfélaga til þess að þeir geti tekið upplýsta ákvörðun um sameiningu. Dráttur á sameiningum virðist vera til þess fallinn að grafa undan gæðum þeirrar þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum og hafa greitt fyrir með sköttum sínum. Þjónusta sem er mjög mikilvæg börnum þeirra en ekki síður þjónusta viðkvæmra hópa samfélagsins, eins og eldri íbúa þar sem fólk getur verið veikt fyrir og mikilvægt að hlúð sé vel að hverjum og einum.

Aftanmálgreinar

- 1 Hönnuð var leppbreyta fyrir grunn- og leikskóla en of mikil fylgni var á milli þeirra (fylgnistuðull upp á 0,88) til þess að unnt væri að nota þær báðar. Leikskóla leppbreytan varð fyrir valinu vegna þess að hún hafði meiri skýringarkraft í líkaninu fyrir almenna afstöðu íbúanna í garð eigin sveitarfélags.
- 2 Það er rétt að geta þess að viðmiðunarsveitarfélögin eru bæði hrein dreifbýlissveitarfélög og blönduð sem reka sína skóla og þess vegna ekki hægt að horfa eingöngu til stuðulsins fyrir framan DSES til að finna þennan mun.
- 3 Að vísu var stuðullinn nærri jafn stór á milli mælinga en óvissan jókst til muna í seinna skiptið (marktæknin varð minni).

Fjármögnun

Rannsókn þessi var styrkt af Innviðaráðuneytinu og Byggðaáætlun með fjármögnun á Rannsóknasetri í byggða- og sveitarstjórnarmálum við Háskólann á Bifröst.

Heimildaskrá

- Allers, M. A. og Geertsema, J. B. (2016). The effects of local government amalgamation on public spending, taxation, and service levels: Evidence from 15 years of municipal consolidation. *Journal of Regional Science*, 56(4), 659-682. <https://10.1111/jors.12268>
- Aristotle. (1992). *The politics*. Penguin Classics.
- Baldersheim, H., og Rose, L. (2010). Territorial choice: Rescaling governance in European states, Í Baldersheim, H. og Rose, L. (ritstj.), *Territorial Choice. The Politics of Boundaries and Borders* (bls. 1-20). Palgrave MacMillan.
- Blesse, S. og Kaskaran, T. . (2013). Do municipal mergers result in scale economies? Evidence from a German federal state. *Discussion Papers, Center for European Governance and Economic Development Research*, 176, 1-46. <https://doi.org/10.2139/ssrn.2365979>
- Boyes, W., og Melvin, M. (1999). *Economics*. Houghton Mifflin Company.
- Drew, J. og Dollery, B. (2014). Keeping it in-house: Households versus population as alternative proxies for local government output. *Australian Journal of Public Administration*, 73(2), 235-246. <https://doi.org/10.1111/1467-8500.12065>
- Drew, J., Kortt, M. A. og Dollery, B. (2012). Economies of scale and local government expenditure: Evidence from Australia. *Administration & Society*, 46(6), 632-653. <https://doi.org/10.1177/0095399712469191>
- Garlatti, A., Fedele, P. og Iacuzzi, S. (2020). Can amalgamations deliver? Barriers to local government mergers from an historical institutionalist perspective. *Public Money & Management*, 42(6), 420-430. <https://doi.org/10.1080/09540962.2020.1800216>
- Grétar Þór Eyþórsson (2012). Efling íslenska sveitarstjórnarstigsins: Áherslur, hugmyndir og aðgerðir. *Stjórnmal og stjórnsýsla* (8), 2, 431-450. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2012.8.2.12>
- Grétar Þór Eyþórsson og Hjalti Jóhannesson. (2002). *Sameining sveitarfélaga. Áhrif og afleiðingar*. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.
- Grétar Þór Eythórsson og Vífill Karlsson. (2018). The impact of amalgamations on services in Icelandic municipalities. *Nordicum-Mediterraneum*, 13(1), 1-18. <https://nome.unak.is/wordpress/volume-13-no-1-2018/double-blind-peer-reviewed-article-volume-13-no-1-2018/impact-amalgamations-services-icelandic-municipalities/?pdf=1970>
- Hemmert, G. A. J., Schons, L. M., Wieseke, J., & Schimmelpfennig, H. (2018). Log-likelihood-based Pseudo-R2 in logistic regression: Deriving sample-sensitive benchmarks. *Sociological Methods & Research*, 47(3), 507-531. <https://doi.org/10.1177/0049124116638107>
- Hinnerich, B. T. (2009). Do merging local governments free ride on their counterparts when facing boundary reform? *Journal of Public Economics*, (93)5-6, 721-728. <https://doi.org/10.1016/j.jpubeco.2009.01.003>
- Hotelling, H. (1929). Stability in competition. *The Economic Journal*, 39(153), 41-57. <https://doi.org/10.2307/2224214>
- Jowlett, B. (1986). Plato on population and the state. *Population and Development Review*, 12(4), 781-798. <https://doi.org/10.2307/1973435>
- Karl Benediktsson og Hjalti Nielsen. (2008). *Búseta og þjónusta*. Háskóli Íslands. https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Byggdarlog/Buseta_og_thjonusta.pdf
- Lowatcharin, G., Crumpton, C., Menifield, C. E. og Promsorn, P. (2021). What influences success of small local government amalgamations: a comparison of cases in Thailand and the United States. *The International Journal of Public Sector Management*, 34(5), 568-585. <https://doi.org/10.1108/IJPSM-10-2020-0271>
- McCann, P. (2001). *Urban and regional economics*. Oxford University Press.
- Nakazawa, K. og Miyashita, T. (2013). *Does the method adopted for distribution of services by amalgamating municipalities affect expenditure after amalgamation? Evidence from Japan* (Working paper). Philipps-Universität Marburg. <https://ideas.repec.org/p/mar/magkse/201315.html>
- Palander, T. (1935). *Beiträge zur Standortstheorie*. Almqvist & Wiksells Boktryckeri.
- Richey, S. (2011). Civic engagement and patriotism. *Social Science Quarterly*, 92(4), 1044-1056. <https://doi.org/10.1111/j.1540-6237.2011.00803.x>

- Rosen, H. S., og Gayer, T. (2008). *Public Finance* (8. útgáfa). McGraw-Hill/Irwin.
- Sameining felld á Snæfellsnesi (2022, 20. febrúar). *Morgunblaðið – mbl.is*. https://www.mbl.is/frettir/kosning/2022/02/20/sameining_felld_a_snaefellsnesi/
- Silberstein, J. og Soguel, N. C. (2012). Ex-post survey on the consequences and perceptions about amalgamation. The case of two Swiss municipalities. *Urban Public Economics Review*, 16, 42-60. https://serval.unil.ch/resource/serval:BIB_4A8E9647B666.P001/REF
- Steiner, R., Kaiser, C., og Eythórsson, G. T. (2016). A comparative analysis of amalgamation reforms in selected European countries. Í Kuhlmann, S. og Bouckaert, G. (ritstj.), *Local Public Sector Reforms in Times of Crisis. National Trajectories and International Comparisons* (bls. 23-42). Palgrave MacMillan. https://doi.org/10.1057/978-1-137-52548-2_2
- Tavares, A. F. (2018). Municipal amalgamations and their effects: a literature review. *Miscellanea Geographica*, 22(1), 5-15. <https://doi.org/10.2478/mgrsd-2018-0005>
- Vífill Karlsson. (2015). Amalgamation of Icelandic municipalities, average cost, and economic crisis: Panel data analysis. *International Journal of Regional Development*, (2)1, 17-38. <https://doi:10.5296/ijrd.v2i1.7531>
- Vífill Karlsson. (2023). *Margur er knár þó hann sé smár: Hvað útskýrir óvenju ólíka útkomu úr íbúakönnun nokkuð samþæfilegra fámennra landsvæða eins og Dala og V-Húnavatnssýslu? Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi*. <https://ssv.is/wp-content/uploads/2023/04/Margur-er-knar-Lokeintak.pdf>
- Vífill Karlsson og Elías Árni Jónsson. (2011). Meðalkostnaður íslenskra sveitarfélaga, fjöldi íbúa og sameining sveitarfélaga. *Bifröst Journal of Social Science*, 5-6, 73-85. <http://hdl.handle.net/1946/13782>
- Vífill Karlsson og Grétar Þór Eythórsson. (2022). Municipal amalgamations and local housing prices. *REGION*, 9(1), 101-114. <https://doi.org/10.18335/region.v9i1.360>
- Vífill Karlsson og Torfi Jóhannesson. (2014). *Sameiningar sveitarfélaga á Vesturlandi: Möguleikar nokkurra valkosta og hugsanleg áhrif þeirra árið 2014*. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. Sótt á: http://ssv.is/Files/Skra_0069071.pdf

Um höfunda

BJARKI ÞÓR GRÖNFELDT (bjarkig@bifrost.is) starfar sem lektor við Háskólann á Bifröst. Hann lauk doktorsgráðu í stjórnmalasálfræði frá Háskólanum í Kent (Englandi) árið 2023.

VÍFILL KARLSSON (vifill@ssv.is) starfar sem atvinnuráðgjafi hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, prófessor við Háskólann á Bifröst og dósent við Háskólann á Akureyri. Hann lauk doktorsgráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands árið 2012.

Viðauki

Í töflunum er að finna hrein dreifbýlissveitarfélög á Íslandi og hvort þau ráku skóla eða ekki (tafla 9 og tafla 10).

Tafla 10. Yfirlit yfir hvort hrein dreifbýlissveitarfélög voru að reka skóla og leikskóla árið 2016

Sveitarfélög	Skóli	Leikskóli	Sértekjusveitarf.
Akrahreppur	Nei	Nei	Nei
Árneshreppur	Já	Nei	Nei
Ásahreppur	Nei	Nei	Já
Eyja- og Miklaholtshr.	Já	Já	Nei
Fljótsdalshreppur	Nei	Nei	Já
Flóahreppur	Já	Já	Nei
Helgafellssveit	Nei	Nei	Nei
Húnavatnshreppur	Já	Já	Já
Kjósarhreppur	Nei	Nei	Nei
Skagabyggð	Nei	Nei	Nei
Skorradalshreppur	Nei	Nei	Já
Tjörneshreppur	Nei	Nei	Nei

Tafla 11. Yfirlit yfir hvort hrein dreifbýlissveitarfélög voru að reka skóla og leikskóla árið 2020

Sveitarfélög	Skóli	Leikskóli	Sértekjusveitarf.
Akrahreppur	Nei	Nei	Nei
Árneshreppur	Nei	Nei	Nei
Ásahreppur	Nei	Nei	Já
Eyja- og Miklaholtshr.	Já	Já	Nei
Fljótsdalshreppur	Nei	Nei	Já
Flóahreppur	Já	Já	Nei
Helgafellssveit	Nei	Nei	Nei
Húnavatnshreppur	Já	Já	Já
Kjósarhreppur	Nei	Nei	Nei
Skagabyggð	Nei	Nei	Nei
Skorradalshreppur	Nei	Nei	Já
Tjörneshreppur	Nei	Nei	Nei

Þegar útbúnaður voru leppbreytur fyrir það hvort sveitarfélög ráku grunn- og leikskóla þessi ár var byggt á þessum upplýsingum. Tvö blönduð sveitarfélög ráku ekki skóla. Það voru Svalbarðshreppur sem rak hvorki grunn- né leikskóla og Kaldrananeshreppur sem rak ekki leikskóla.

Þau sveitarfélög sem teljast til sértekjusveitarfélaga en teljast ekki til hreinna dreifbýlissveitarfélaga og eru því ekki í töflunum eru Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hvalfjarðarsveit, Suðurnesjabær, Grímsness- og Grafningshreppur, Fjarðabyggð, Skorradalshreppur og Bláskógabyggð.

Tafla 12. Yfirlit yfir fjölda sveitarfélaga í hverri leppbreytu seinni útgáfu greiningarlíkansins

Sveitarfélög	DSES	DSST	DSSTES	BSES	BSST
Bláskógabyggð	0	0	0	0	1
Fjarðabyggð	0	0	0	0	1
Hvalfjarðarsveit	0	0	0	0	1
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	0	0	0	0	1
Suðurnesjabær	0	0	0	0	1
Svalbarðshreppur	0	0	0	1	0
Ásahreppur	0	0	1	0	0
Fljótisdalshreppur	0	0	1	0	0
Skorradalshreppur	0	0	1	0	0
Húnavatnshreppur	0	1	0	0	0
Akrahreppur	1	0	0	0	0
Árneshreppur	1	0	0	0	0
Helgafellssveit	1	0	0	0	0
Kjósarhreppur	1	0	0	0	0
Skagabyggð	1	0	0	0	0
Tjörneshreppur	1	0	0	0	0
Eyja- og Miklaholtshr.	0	0	0	0	0
Flóahreppur	0	0	0	0	0